



**SKOÐUN** Með dómi er málum lokið og fólk á að fá tækifæri að lokinni afpláun, skrifar Guðmundur. **13**



**LÍFIÐ** Fengu tækifæri til að hanna nýja lífsstílslínu fyrir sænska húsgagnarisann IKEA. **26**



**SPORT** Geir Þorsteinsson var endurkjörinn formaður KSÍ með miklum yfirburðum um helgina. **22**

# LANDMARK

FASTEIGNASALA

Landmark leiðir þig heim!  
Sími 512 4900 landmark.is

# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

16. febrúar 2015  
39. tölublað 15. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Fer í vikulangt varðhald

Kona fædd 1959 var í gær úrskurðuð í vikulangt gæsluvarðhald grunuð um að hafa banað sambýlismanni sínum, fæddum 1974. **4**

### Verðlækkun skilar sér ekki

Pótt verð til framleiðenda svínakjöts hafi lækkað síðustu tvö ár hefur kjötið á sama tíma hækkað umfram neysluverðsvísitölu. **2**

### Líkti eftir árásum í París

Danska lögreglan skaut í gærmorgun til bana 22 ára mann sem talinn er hafa staðið fyrir skotarásum í Kaupmannahöfn um helgina. **6**

### Uppbyggingin strand

Pingmaður vill fá svör um framtíðarsýn innanríkisráðherra á hafnarbætur við Höfn í Hornafirði. **8**



Bolungarvík	-3°	☁	SV	8
Akureyri	-2°	☁	SSV	8
Egilsstaðir	-2°	☁	SV	12
Kirkjubæjarkl.	-2°	☁*	SV	9
Reykjavík	-2°	☁*	SV	9

**Útsýningur** Í dag eru horfur á SV-átt, víða 8-13 m/s en hvassara allra syðst. Eljagangur sunnan- og vestanlands en úrkumulftíð og nokkuð bjart NA-til. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



# Vill milda tilskipanir EES

Umhverfisráðherra vill mildara orðalag í þýðingum á Evróputilskipunum. Formaður efnahags- og viðskipta- nefndar vill endurmeta EES-samstarfið og skoða Schengen-aðild. Vaxandi þirringur gæti hjá Framsóknarflokki.

**STJÓRN MÁL** Sigrún Magnúsdóttir umhverfisráðherra segir að reglugerðafarganið sem berist í gegnum EES hafi lengi verið eitruð í beinum framsóknarmanna og annarra. Hún hefur velt því upp hvort ekki sé hægt að nota mildara orðalag við þýðingu Evróputilskipana.

„Ég hef líka rætt það niðri í ráðuneyti, eftir að ég kom, að ég hefði ígrundað þetta með sjálfri mér, hvort við tækjum ekki réttu íslensku orðin inn oft og tíðum.“

Vaxandi þirringur virðist gæta innan Framsóknarflokksins í garð Evrópska efnahagssvæðisins (EES) og þeirra Evróputilskipana sem Íslendingar verða að innleiða vegna veru sinnar í EES. Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar, segir

regluverk EES íþyngjandi og ekki allt Íslendingum í hag sem þaðan komi, þótt margt sé ágætt. Hann vísar í þrýsting um að lögleiða gengistryggð lán. Meta þurfi kosti og galla samstarfsins.

„Það þarf að hlusta líka á sjónarmið Íslendinga í þessu. Ef þetta á að vera gott samband, þetta Evrópska efnahagssvæði, þá verður að taka tillit til aðstæðna sem hér eru. Þær eru öðruvísi.“

Frosti telur einnig að leggjast eigi yfir hvort aðild Íslendinga að Schengen hafi verið til góðs eða ekki. Til að mynda hafi ekki tekist að efna loforð um ferðalög án vegabréfs. Þá þurfi að spyrja sig að því hví Bretar velji að vera utan Schengen að hluta.

Frosti situr í utanríkismálanefnd Alþingis. Mun hann beita sér

fyrir endurmati á aðild að EES og Schengen? „Já, já, ég gæti alveg hugsað mér það. Ég mundi alveg styðja það allavega að þetta yrði skoðað og metið hver hefur verið árangurinn af verunni í Schengen, hverjir væru kostir þess og gallar. Og ég held að við ættum líka í sambandi við Evrópska efnahagssvæðið að meta það öðru hvoru hvort það sé besta mögulega formið á samstarfinu við þessi aðildarríki,“ segir Frosti og vísar í önnur samstarfsform eins og fríværslunarsamninga.

Málið kom upp á fundi Framsóknarflokksins á laugardag, þar sem nokkrir fundarmenn lýstu yfir efasemdum varðandi EES-aðild.

Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir að í



„Ég held að við ættum líka í sambandi við Evrópska efnahagssvæðið að

meta það öðru hvoru hvort það sé besta mögulega formið á samstarfinu við þessi aðildarríki.

Frosti Sigurjónsson, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis.

þingflokkum beggja stjórnarflokka séu mjög miklar áhyggjur af þeim fjölda Evróputilskipana sem Alþingi berist til samþykktar. - kóp



**LJÓN Í VEGNUM** Þverhnipt sprunga blasti við er bormenn voru að störfum í iðrum Langjökuls á föstudag. Jóhann Pjetur Jónsson og ísjötnarnir félagar hans segjast þó hvergi bangnir.

## Ísgöngin á lokametrunum: Önnur sprunga í jökulgöngum

**FERÐAÞJÓNUSTA** Búist er við að hringnum í ísgöngum fyrirtækisins Icecave í vestanverðum Langjökli verði lokað á næstu tíu dögum eða svo.

Nánast í sömu mund og Fréttablaðið bar að garði á föstudag höfðu gangagerðarmenn komið að djúpri sprungu sem liggur þvert á stefnu ganganna. Þessi nýja sprunga liggur rétt innan við aðra stóra sprungu sem nýlega fannst og mun eins og nýja sprungun verða hluti af ísgöngunum.

„Þetta er fyrst og fremst spennandi,“ svaraði Kjartan Þorbjörnsson staðarhaldari aðspurður hvort bormennirnir væru ekki smeykir við að jökullinn gleypri þá hreinlega.

Nánari umfjöllun og magnaðar myndir úr ísgöngunum verða í Fréttablaðinu á morgun og í kvöld í þættinum Ísland í dag á Stöð 2. - gar

**Bakarísbollur**  
Eitt verð!  
**329** kr. stk.  
Aðeins í Engihjalla  
**Iceland**

## Segir draga úr fordómum í garð hælisleitenda meðal íbúa Reykjanesbæjar: Fjölskyldufólkið aðlagast betur

**SAMFÉLAGSMÁL** Breytingar sem í fyrra voru gerðar á skipulagi þjónustu við hælisleitendur eru til þess fallnar að draga úr fordómum í garð þeirra. Þetta segir Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri í sveitarfélaginu.

Í nýrri B.S.-ritgerð Jóhönnu Maríu Jónsdóttur, frá Háskólanum við Bifröst, er niðurstaðan sú að íbúar Reykjanesbæjar telji hælisleitendur fá meiri peninga en raun ber vitni og að margir telji búsetu hælisleitenda þar ekki hafa góð áhrif á samfélagið.

Áherslubreytingin sem Kjartan vísar til fólst í því að Reykjavíkurborg tók að sér umsjón hluta þjónustunnar við hælisleitendur, sem



**KJARTAN MÁR KJARTANSSON**

áður var eingöngu á hendi Reykjanesbæjar. Borgin sinnir einhleypum hælisleitendum. Því segir Kjartan að stór hópur ungra karlmanna, sem sóttu hér um hæli, hafi farið til Reykjavíkur.

„Í Reykjanesbæ dvelur því að meginuppistöðu til fjölskyldufólk,“ segir Kjartan og bætir því við að fjölskyldufólkið hafi aðlagast samfélaginu betur. Þegar hælisleitendur komu fyrst til Reykjanesbæjar voru þeir oftast einhleypir karl-

menn með enga fjölskyldu. „Það má segja að þeir hafi sett svip á bæjarbraginn.“

Niðurstöður rannsóknar Jóhönnu Maríu sýna meðal annars fram á neikvæðari sýn og viðhorf íbúa í Reykjanesbæ í garð hælisleitenda en hjá höfuðborgarbúum.

Kjartan segir viðhorf íbúa Reykjanesbæjar misjöfn eins og íbúar eru margir. „En það gefur augaleið að eftir því sem samfélagið er minna þá verða íbúar meira varir við hælisleitendur og þeir mun meira áberandi.“

Kjartan bætir við að nú búi hælisleitendur líka víðar um bæinn, áður hafi þeir allir verið á einum stað. - ngy / sjá síðu 8

**Öskudagur er 18. febrúar**  
Hundruð buning og fylgihluta  
**PARTYBÚÐIN**  
Faxafeni 11, s. 534-0534

## SPURNING DAGSINS



Er djúpt á stuðinu á Akureyri, Guðmundur?

„Það er reyndar búið að loka Sjallanum en kannski ekki eins djúpt og menn halda.“

Guðmundur I. Ásmundsson, forstjóri Landsnets. Verkefnishópur á vegum Landsnets gerði úttekt á lagningu háspennustrengja á Íslandi. Akureyrarbær og Eyjafjarðarsveit hafa gagnrýnt áform Landsnets um loftlínuögn frá Akureyri um Eyjafjörð og yfir í Kröflu.

Átök áfram í Úkraínu þótt eitthvað hafi dregið úr þeim eftir að vopnahlé tók gildi:

## Vopnahléið hélt að mestu fyrsta daginn

ÚKRAÍNA Stríðandi fylkingar í Úkraínu hafa að mestu virt vopnahléið, sem tók gildi á miðnætti aðfaranótt sunnudags. Þetta fullyrty frönsk og þýsk stjórnvöld í gær í sameiginlegri yfirlýsingu.

Þrátt fyrir það bárust fréttir af átökum í austurhluta landsins, en báðar fylkingar hafa hálfan mánuð til þess að draga þunga-vopn sín burt frá átakasvæðunum. Sprengju-árásir voru gerðar í næsta nágrenni borgarinnar Debaltseve, þar sem stjórnarherinn hefur varist úmsátri uppreisnarmanna. Hörð átök voru um Debaltseve síðustu dagana fyrir vopnahléið, þar sem báðar fylking-

ar virtust reyna að tryggja stöðu sína áður en vopnahléið gengi í garð.

Til þessa hafa samningar um vopnahlé ekki skilað miklum árangri í Úkraínu, þannig að fyrirfram er ekki nein trygging fyrir því að vopnahléið haldi.

Vopnahlésskilmálarinnir, sem uppreisnarmenn í austurhlutanum samþykktu á fimmtudagsmorgun eftir næturlöng fundarhöld leiðtoga Frakklands, Þýskalands, Rússlands og Úkraínu, eru samt heldur ítarlegri en vopnahléssamningurinn sem samþykktur var í september.



STYTTA SÉR STUNDIR Úkraínskir hermenn tóku fram fótbolta meðan þeir biðu átekta í gær.

- gb

NORDICPHOTOS/AFP



MÓTMÆLI Í ISTANBÚL Fjöldi Kúrda kom saman til mótmæla í stærstu borgum Tyrklands í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Óánægja Kúrda vex í Tyrklandi með hverri vikunni:

## Krefjast frelsis fyrir Öcalan

TYRKLAND Kúrdar fjölmenntu til mótmælafunda í stærstu borgum Tyrklands í gær í tilefni þess að 16 ár eru liðin frá því Abdullah Öcalan var handtekinn í Kenía og fluttur með leynd til Tyrklands.

Öcalan er enn formlega leiðtogi Verkamannaflokks Kúrdistans, PKK, sem áratugum saman hefur barist fyrir réttindum Kúrda í Tyrklandi og stofnun sjálfstæðs Kúrdistans. Vopnuð barátta samtakanna kostaði þúsundir manna lífið.

Öcalan hlaut dauðadóm sem síðan var breytt í ævilangt fangelsi. - gb

## Porfinnur Guðnason látinn

## ANDLÁT

Porfinnur Guðnason kvikmyndagerðarmaður er látinn, 55 ára að aldri, eftir baráttu við krabbamein. „Porfinnur var einn helsti heimildamyndasmíður Íslendinga og á að baki fjölda slíkra verka,“ segir á kvikmyndavefnum Klappré.is þar sem greint var frá andláti Porfinns í gærkvöldi.



1.900 tonn af loðnu í höfn:

## Ekki eðlileg loðnuvertíð

SJÁVARÚTVEGUR Nóta- og togveiðiskipið Ingunn AK kom til heimahafnar á Akranesi um hádegisbil í gær með rúmlega 1.900 tonn af loðnu. Þetta kemur fram í fréttabréfi HB Granda. Afliinn fékkst í sjö köstum með djúpnót á Skaggrunni og út af Húnaflóa eða á sömu slóðum og mestur loðnaflí hefur fengist undanfarna daga. Guðlaugur Jónsson, skipstjóri á Ingunni, segir ekkert eðlilegt við loðnuvertíðina nú en hann sé þó bjartsýnn á að úr rætist. - ngy

## Verðlækkun skilar sér ekki til neytenda


Verð til framleiðenda svínakjöts hefur lækkað um 9 prósent á síðustu tveimur árum. Verð á svínakjöti út úr búð hefur hins vegar hækkað umfram neysluverðs-vísitölu. Svínabændur vilja skýringar á því að verðlækkun fer ekki til neytenda.

LANDBÚNAÐUR Framleiðendaverð til svínabænda hefur lækkað um 8,9 prósent á síðustu tveimur árum. Verð á unnu svínakjöti út úr búð hefur hins vegar hækkað um 8,5 prósent á sama tíma. Það er töluvert umfram neysluverðs-vísitölu sem hefur hækkað um tæp fjögur prósent á tímabilinu.

„Þetta eru mjög sláandi tölur,“ segir Hörður Harðarson, formaður Svínaræktarfélags Íslands. „Verðið til bænda lækkar á milli átta og níu prósent en hækkar á sama tíma til neytenda.“

Virðisaukaskattur á matvörur hækkaði um síðustu áramót úr 7 prósentum í tólf. Verð á unnu, reyktu og söltuðu svínakjöti hélst nokkurn veginn í takti við vísitölu, en um áramótin hæk-

### Vísitölur á svínakjöti



SVÍN Innflutningur á svínakjöti hefur fimmfaldast frá árinu 2010. Verð á unnum svínavörum hefur hins vegar hækkað umfram neysluverðsvísitölu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

aði það töluvert umfram neysluverðsvísitölu.

Hörður segir athyglisvert að skoða þá þróun. Matarskattshækkunin skýri ekki þennan mun. Ljóst sé að verðlagning til neytenda fylgi ekki verði til bænda frá kjötvinnslu.

„Þá er spurningin sú hverjir bera sökina á þessari verðlækkun? Það er alveg klárlega ekki bóndinn, því verðið til hans hefur lækkað. Eftir að varan fer frá bóndanum fer hún til meðferðar hjá kjötvinnsluáðilanum og síðan versluninni. Og það er annar hvor þessara eða báðir sem verða til þess að verðið til

neytenda hækkar eins og þessar tölur sýna.“

Innflutningur á svínakjöti hefur aukist umtalsvert síðustu ár, líkt og á öðru kjöti. Árið 2010 voru flutt inn 218 tonn af svínakjöti en í fyrra 983 tonn. Það er nærri því fimmföldun á innflutningi.

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að svínabændur hyggist í dag gera athugasemd með formlegum hætti til ráðgjafanefndar um inn- og útflutning landbúnaðarvara, þar sem þeir telji hlutfall tollaverndar í svínakjöti hafa snarminnkað á undanförunum árum. kolbeinn@frettabladid.is

Álit óháðs aðila á mengunarmælingum kísilvers Thorsil í Helguvík:

## Nauðsynlegt að vakta mengun

STÓRIÐJA Vakta þarf magn brennisteins í andrúmslofti nærri íbúabyggð í Reykjanesbæ ef áform Thorsil um byggingu kísilmálmverksmiðju á svæðinu verða að veruleika. Þetta er mat Sigurðar Magnússar Garðarssonar, prófessors í umhverfis- og byggingarverkfræði við Háskóla Íslands.

Skipulagsstofnun fékk Sigurð Magnús til að leggja óháð mat á útreikninga á dreifingu mengunar í kjölfar alvarlegra athugasemda sem bárust Skipulagsstofnun um frummatsskýrslu um kísilvers Thorsil í Helguvík sem Mannvit annaðist.

Óvissa er í útreikningum að mati Sigurðar Magnússar og mun brennisteinsmengun líklega fara nálægt reglugerðarmörkum innan þynningar-svæðis.

Í niðurstöðu Sigurðar segir að miðað við þau gögn sem hafi verið lögð fram sé ekki ástæða til að ætla að samlegðaráhrif styrks brennisteinsdíoxíðs fari yfir reglugerðarmörk utan þynningar-svæðis. „Með hliðsjón af óvissu í útreikningum og reynslunni frá Grundartanga er rétt að íhuga hvort ekki eigi að sannreyna spánnar með vöktun eftir að rekstur hefst.“



FRÁ HELGUVÍK Útreikningar á gildi brennisteinsdíoxíðs í andrúmslofti fara nærri viðmiðunarmörkum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skipulagsstofnun á eftir að leggja mat á þau gögn sem fram eru komin vegna umhverfisþátta í Helguvík. Umhverfis- og skipulagsnefnd Reykjanesbæjar frestaði í síðustu viku deiliskipulagsbreytingu í Helguvík og vill biða niðurstöðu Skipulagsstofnunar.

- 5a

Ókeypis heyrnarmæling síðan 2004

## Snjallara heyrnartæki

Nýja Beltone First heyrnartækið tengist þráðlaust beint í iPhone, iPad og iPod touch. Komdu í ókeypis heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki lánað til reynslu.

heyrnarstodin.is

**HEYRNARSTÖÐIN**

Beltone First gengur með iPhone 5s, iPhone 5c, iPhone 5, iPad Air, iPad (4. kynslóð), iPad mini með Retina, iPad mini og iPod touch (5. kynslóð) með iOS eða nýrri stýrikerfi. Apple, iPhone, iPad og iPod touch eru vörumerki sem tilheyra Apple Inc., skráð í Bandaríkjunum og öðrum löndum.

# 50

FIMMTÍU ÁR Á ÍSLANDI

TOYOTA

MEST SELDI BÍLLINN Í 25 ÁR




TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# FASTIR LIÐIR Í GÓÐU SAMBANDI

Sértilboð á smurþjónustu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota betri helminginn af febrúar



## 20% afsláttur

Sértilboð á olíum, síum, þurrkublöðum, bílaperum, rúðuvökva, frostlegi og fleiru.\*

## 15% afsláttur

af vinnu við smurningu hjá viðurkenndum þjónustuaðilum Toyota 16.–28. febrúar.

## Engin vandamál - bara lausnir.

Toyota Kaupúni	Kaupúni 6	Garðabæ	570-5070
Toyota Akureyri	Baldursnesi 1	Akureyri	460-4300
Toyota Selfossi	Fossnesi 14	Selfossi	480-8000
Toyota Reykjanesbæ	Njarðarbraut 19	Reykjanesbæ	420-6610
Arctic Trucks	Kletthálsi 3	Reykjavík	540-4900
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Bæjarflöt 13	Reykjavík	440-8000
Bifreiðaverkstæði Reykjavíkur	Skemmuvegi 16	Kópavogi	440-8000
Nethamar	Garðavegi 15	Vestmannaeyjar	481-1216
Bílatangi	Suðurgötu 9	Ísafirði	456-4580
Bifreiðaverkstæði KS	Hesteyri 2	Sauðárkróki	455-4570
Bílaleiga Húsavíkur	Garðarsbraut 66	Húsavík	464-1888
Bílaverkstæði Austurlands	Miðási 2	Egilsstöðum	470-5070
Bílageirinn	Grófinni 14a	Reykjanesbæ	421-6901

Kynntu þér betur þjónustu okkar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

\*Olíur, olíusíur, loftsíur, frjókornasíur, bensín- og hráolíusíur, þurrkublöð, þurrkugúmmi, bílaperur, rúðuvökvi og frostlögur (afsláttur gildir eingöngu með vinnusölu).

Bókaðu tíma í dag.  
Það er einfalt og fjótlegt.

SVONA ERUM VIÐ



**21,3** prósent kvenna á vinnumarkaði störfuðu árið 2014 hjá stofnunum eða fyrirtækjum tengdum kennslu- eða fræðslustarfsemi, en aðeins 5,9 prósent karla á vinnumarkaði störfuðu í þessum geira atvinnulífsins.

Árið 1999 unnu tæplega 9 prósent kvenna á vinnumarkaði við þessi störf en tæplega 5 prósent karla.

# Varðskipið Týr sinnti björgunaraðgerðum djúpt norður af Líbíu og bjargaði hundruðum flóttamanna: Flóttamönnum bjargað við strendur Líbíu

**LANDHELGISGÆSLAN** Varðskipið Týr kom til hafnar í Augusta á Sikiley með 284 flóttamenn um borð um kvöldmatarleytið í gær.

Skipverjar á Tý björguðu 184 flóttamönnum úr tveimur gúmmibátum djúpt norður af Líbíu laugardagskvöld. Þá voru teknir um borð til aðhlyningar 100 flóttamenn sem ítalskt varðskip hafði bjargað.

Á meðan skipverjar Týs unnu við að bjarga 71 karli, tveim konum og einu barni úr fyrri gúmmibátum, barst neyðarkall frá öðrum litlum gúmmibát. Þar voru um borð 92 karlar og 18 konur, þar af ein barnshafandi.

Landhelgisgæslan segir alla flóttamennina

284 hafa verið í góðu skjóli innandyrna um borð í Tý, en fólk hafi verið skelkað eftir að hafa siglt á þessu erfiða hafsvæði á litlum opnum bátum.

Einar Heiðar Valsson, skipherra á Tý, sagði í samtali við fréttastofu að verkefnið væri mikil reynsla fyrir áhöfnina. „Þetta er yfirleitt ekki enskumælandi fólk og samskiptin því erfið en það hefur þó gengið tiltölulega vel,“ sagði Einar um samskipti áhafnarinnar við flóttafólkið.

Samkvæmt upplýsingum Gæslunnar hefur fjöldi fólks hafa verið bjargað á svæðinu síðustu daga. Svo virðist sem mikið flæði flóttafólks sé nú frá Líbíu áleiðis til Ítalíu.



**KONU HJÁLPAÐ UM BORÐ** Varðskipið Týr verður áfram við björgunarskipti á næstunni. MYND/LHG

## Gegn ofbeldi í fimmta sinn: Út að borða fyrir börnin

**SAMFÉLAG** Fjáröflunarátak Barnaheilla og veitingastaða, Út að borða fyrir börnin, fór af stað í fimmta sinn í gær og stendur til 15. mars.

Veitingastaðirnir sem styðja átakið gera það með því að láta hluta af verði valinna rétta renna til verkefna sem snúa að vernd barna gegn ofbeldi.

Í fréttatilkynningu frá stjórn Barnaheilla kemur fram að aldrei hafi fleiri veitingastaðir tekið þátt í átakinu, en þeir séu 25 í ár.

- ngy

## Handtekinn í Hafnarfirði:

# Faðir skar son á unglingsaldri

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri var handtekinn í Hafnarfirði aðfaranótt sunnudags eftir að hafa ráðist á son sinn á unglingsaldri.

Unglingspilturinn var fluttur með sjúkrahúsi á slysadeild en hann var skorinn á höndum.

Fleiri börn voru á heimilinu en lögregla flokkar málið sem heimilisofbeldi. Faðirinn varði nóttinni í fangageymslu og beið yfirheyrslu þar til „ástand hans“ gæfi tilefni til. Honum var sleppt úr haldi í gær, en félagsþjónusta Hafnarfjarðar metur hvort hafa þurfi frekari afskipti af fjölskyldunni.

- ktd, bo

## LÖGREGLUMÁL

### Maður barði konu

Maður á fimmtugsaldri lagði hendur á fyrrverandi sambýliskonu sína á fertugsaldri í Kópavogi aðfaranótt sunnudags. Maðurinn var farinn af vettvangi þegar lögreglu bar að og meiddi konunnar ekki sögð þess eðlis að hún hafi þurft að leita læknis. Ekki kemur fram í tilkynningu lögreglu hvort maðurinn hafi verið handtekinn.

# Kona á sextugsaldri í gæsluvarðhaldi fram yfir helgi

Lögregla hefur hvorki haft áður afskipti af konu sem grunuð er um að hafa banað sambýlismanni sínum með eggvopni um helgina, né manninum sem ráðinn var bani. Konan var á staðnum þegar lögregla mætti á laugardag.

**LÖGREGLUMÁL** Kona, sem grunuð er um að hafa banað sambýlismanni sínum á heimili þeirra við Skúlaskeið í Hafnarfirði á laugardag, var í Héraðsdómi Reykjaness í gær úrskurðuð í vikulangt gæsluvarðhald.

Talið er að banamein mannsins hafi verið stungusár, en lögreglunni barst tilkynning um mannslát í fjölbýlishúsi í Hafnarfirði í gegnum neyðarlínuna, 112, rétt fyrir klukkan þrjú á laugardag. Þegar lögreglan kom á vettvang stuttu síðar voru þar fyrir hin grunaða, sem er pólskur ríkisborgari fædd 1959, og hinn látni, sambýlismaður hennar, einnig pólskur ríkisborgari fæddur 1974. Maðurinn var með eitt stungusár vinstra megin á brjóstholi og var úrskurðaður látinn á vettvangi. Sjónarvottur sagði Fréttablaðinu í gærkvöldi að konan hefði verið leidd út í jarnum um tveimur tímum eftir að lögregla og sjúkralíkar komu á vettvang.

Ekki hafa fengist upplýsingar um hvers konar eggvopni var beitt við verknadinn, hnífi, skærum eða öðru. Að sögn Kristjáns Inga Kristjánssonar, aðstoðaryfir-lögregluþjóns hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu sem stýrir rannsókninni, hefur lögreglan ekki þurft að hafa afskipti af þessu fólk áður.

Ekki liggur fyrir hvort þau hjúin hafi verið í óreglu en rannsókn málsins er á frumstigi. Tæknideild lögreglunnar var við rannsóknir á vettvangi í allan gærdeg.

Þá sagðist Kristján Ingi, í samtali við fréttastofu, ekki geta tjáð sig um hvort ætlað banavopn hefði



**LEIDD FYRIR DÓMARA** Kona sem grunuð er um að hafa orðið sambýlismanni sínum að bana um helgina var færð fyrir dómara við Héraðsdóm Reykjaness klukkan þrjú í gærdeg þar sem kveðinn var upp yfir henni gæsluvarðhaldsúrskurður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fundist. Eins kom fram í máli hans að dánarsök mannsins yrði ekki endanlega staðfest fyrr en að lokinni krufningu.

Sömuleiðis vill Kristján Ingi ekki gefa upp hvort konan hafi verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna á verknadartíðni, en tekin voru blóðsýni úr henni eftir handtöku. Hún var yfirheyrð á

lögreglustöðinni á Hverfisgötu fram eftir kvöldi á laugardag og í gær. Gæsluvarðhaldsúrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur yfir konunni rennur út 23. febrúar, en hún gæti átt yfir höfði sér allt að sextán ára fangelsi verði hún ákærð og fundin sek um manndráp af ásetningi.

Þetta er fyrsta manndrápsmál-

íð hér landi á þessu ári. Eitt slíkt mál kom upp í fyrra. Þá var ungur maður handtekinn eftir að eigin-kona hans fannst látin á heimili þeirra í Stelkshólum. Hann er grunaður um að hafa þrengt að öndunarvegi hennar þannig að hún hlaut bana af. Ákæra hefur enn ekki verið gefin út í því máli. andri@frettabladid.is / thorbjorn@frettabladid.is

## Lyfjaauglýsing

**20% afsláttur** af öllum pakkningum




Afslátturinn gildir í febrúar.

**Lyfjaval** Mjódd Álftamýri Bílaapótek Hæðasmára  
**APÓTEK** Lyfjaval.is • sími 577 1160

## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi



Alicante 20°	Friedrichshafen 7°	New York -7°
Apéna 10°	Gautaborg 2°	Orlando 22°
Basel 8°	Kaupmannahöfn 2°	Ósló 0°
Berlín 4°	Las Palmas 20°	París 8°
Billund 2°	London 9°	San Francisco 17°
Frankfurt 5°	Mallorca 14°	Stokkhólmur -1°

**Á MORGUN** Hægur vindur í fyrstu en hversir af suðaustri er líður á daginn.

**MÍÐVIKUDAGUR** Víða 3-10 m/s, hvassast A-til.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður



**SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR - AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson svanur@365.is **ALMENNAR AUGLÝSINGAR:** SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Hjalti Egilsson hjalti@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFID/SÉRBLÓÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Gunnhildur Geira Dan Þorlákssdóttir geira@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Jónatan Atlí Sveinsson jonatan@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÓÐ EFNÍ:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is **RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hranar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is

**BÍLADILL DAGSINS!**  
Hafðu samband  
strax!



900.000 kr.  
í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.990.000 kr.

**Mercedes Ben 200 E-Class** MAE68  
Skráður október 2008, 1,8i bensín/metan, sjálfsk.  
Ekinn 139.000 km.  
Ásett verð: 3.890.000 kr.



150.000 kr.  
í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.620.000 kr.

**Citroën C1 Attraction** JGP02  
Skráður maí 2014, 1,0i bensín, beinskíptur  
Ekinn 27.000 km.  
Ásett verð: 1.770.000 kr. í ábyrgð



200.000 kr.  
í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.990.000 kr.

**Volvo XC90 SE AWD** YJP29  
Skráður nóv. 2007, 3,2i bensín, sjálfskíptur  
Ekinn 173.000 km.  
Ásett verð: 3.190.000 kr.



Verð: 1.090.000 kr.

**Volkswagen Polo Comfortline** LKY41  
Skráður maí 2008, 1,4i bensín, sjálfskíptur  
Ekinn 111.000 km.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

Gerðu betri bílakaup!



170.000 kr.  
í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.390.000 kr.

**Citroën C4** SYA28  
Skráður febrúar 2014, 1,6Di dísil, beinsk.  
Ekinn 44.000 km.  
Ásett verð: 2.560.000 kr. í ábyrgð



Verð: 2.980.000 kr.

**Ford Focus Trend Edition** ZBV14  
Skráður maí 2014, 1,0 bensín, beinskíptur.  
Ekinn: 25.000 km. í ábyrgð



200.000 kr.  
í AFSLÁTT!

Tilboð: 3.690.000 kr.

**Mazda6 Vision** FHE21  
Skráður maí 2013, 2,2TDCi dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn: 69.000 km.  
Ásett verð: 3.890.000 kr. í ábyrgð

### FINNDU BÍLINN ÞINN



Skofaðu fleiri  
dæmi hér!

### TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ

SÝNDU OKKUR BÍLINN  
ÞINN OG VIÐ GERUM  
ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF.  
ENGIN SKULDBINDING

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.



200.000 kr.  
í AFSLÁTT!

Tilboð 2.890.000 kr.

**Ford Focus Trend Edition** ORK29  
Skráður nóvember 2013, 1,0i bensín beinsk.  
Ekinn 16.000 km.  
Ásett verð: 3.090.000 kr.



140.000 kr.  
í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.150.000 kr.

**Toyota Yaris Terra** PMX12  
Skráður mars 2013, 1,0i bensín, beinskíptur  
Ekinn 22.500 km.  
Ásett verð: 2.290.000 kr. í ábyrgð



200.000 kr.  
í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.590.000 kr.

**Ford Kuga Trend** VSR54  
Skráður maí 2011, 2,0TDCi dísil, beinskíptur.  
Ekinn 94.000 km.  
Ásett verð: 2.790.000 kr.



200.000 kr.  
í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.050.000 kr.

**Mitsubishi Lancer** LZ540  
Skráður september 2006, 1,6i bensín, beinskíptur  
Ekinn 84.000 km.  
Ásett verð: 1.250.000 kr.



200.000 kr.  
í AFSLÁTT!

Tilboð: 2.490.000 kr.

**Renault Megane II Berline** FYM75  
Skráður mars 2012, 1,5TDi dísil, sjálfskíptur  
Ekinn 56.000 km.  
Ásett verð: 2.690.000 kr.



Verð: 2.550.000 kr.

**Citroën C3 Seduction** V SX71  
Skráður des. 2013, 1,6Di, dísil, sjálfskíptur  
Ekinn 36.000 km. í ábyrgð



300.000 kr.  
í AFSLÁTT!

Tilboð: 1.990.000 kr.

**Mazda6 Premium** FSA07  
Skráður apríl 2012, 2,2 dísil, sjálfskíptur.  
Ekinn 189.000 km.  
Ásett verð: 2.290.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK



Notaðir bílar - Brimborg

Tilboðsbílar fara  
beint á Facebook!

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

**brimborg**  
Örugur staður til að vera á

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvaða stétt notar hlaupahjól til þess að komast á milli staða?
2. Hver syndir hraðar en bandaríska eldflaugin?
3. Hvaða stórstjarna er væntanleg til landsins í sumar ef marka má orðróm?

SVÖR:  
3. Ríkhanna  
1. Sjákrálarar 2. Ingbjörg Kristín Jónsdóttir

## Gunnar I. Birgisson fær þingfararkaup sem grunnlaun og margvíslegar aðrar greiðslur frá Fjallabyggð: Lofar að skipta sér ekki af flokkapólitík

**SVEITARSTJÓRNIR** „Gunnar I. Birgisson er ráðinn bæjarstjóri Fjallabyggðar á faglegum forsendum og sem slíkur heitir hann því að hafa ekki afskipti af flokkapólitík í Fjallabyggð á kjörtímabilinu,“ segir í 1. grein ráðningarsamnings Gunnars sem bæjarstjóra Fjallabyggðar.

Laun Gunnars verða byggð á þingfararkaupi alþingismanna. Að auki fær Gunnar greitt fyrir fasta 60 yfirvinnutíma í mánuði, 10 prósent ofan á launin í fasta risnu og dagpeninga, auk sérstakra dagpeninga vegna ferða í þágu Fjallabyggðar, bíl frá sveitarfélaginu og greiðslur fyrir akstur á eigin bíl.

Greitt er fyrir síma og netaðgang Gunnars og keypt er fyrir hann sérstök líf- og sjúkdómatrygging.

Sigurður Valur Ásbjarnarson sem hætti sem bæjarstjóri að eigin ósk fær um 11 milljónir króna í starfslokasamning. Einn fulltrúi í bæjarstjórn greiddi atkvæði gegn samningnum. „Í slíkum tilfellum, þar sem starfsmaður segir upp og óskar eftir því að vinna ekki uppsagnarfrest, ber vinnuveitanda ekki skylda til þess að greiða honum laun á uppsagnarfresti eins og hér er lagt til,“ bókaði Helga Helgadóttir.



**GUNNAR I. BIRGISSON** Bæjarstjóri Fjallabyggðar staðfesti ráðningu Gunnars sem bæjarstjóra frá 16. janúar.

-gar

### → Atburðarásin í Kaupmannahöfn

15:30

**Laugardagur**

Árásarmaðurinn hóf skothríf við Krudttöndenmenningarhúsið á Austurbrú þar sem yfir stóð umræðufundur um málfrelsi

Einn maður lét lífið, þrjár lögreglumenn særðust  
Hinn látni hét Finn Nørgaard, 55 ára gamall kvikmyndagerðarmaður



01:00

**Aðfaranótt**

Árásarmaðurinn hóf skothríf við bænahús gyðinga í Krystalsgötu þar sem fermingarveisla (bar mitzvah) stóð yfir.

Einn maður lét lífið, tveir lögreglumenn særðust.  
Hinn látni hét Dan Uzan, 37 ára gyðingur sem hafði tekið að sér að sjá um öryggisgæslu í veislunni



05:00

**Sunnudagsmorgunn**

Lögreglumenn bíða eftir árársarmanninum við íbúð á Norðurbrú, skammt frá Nørrebro-lestarstöðinni. Til skotbardaga kemur. Árásarmaðurinn lætur lífið.



ALLT SEM ÞÚ VILDIR VITA UM EVRÓPUSAMBANDIÐ EN ÞORÐIR EKKI AÐ SPYRJA

Stutt, hnitmiðað og aðgengilegt námskeið um Evrópusambandið í Evrópustofu, Suðurgötu 10.

MÍÐVIKUDAGINN 18. FEBRÚAR KL. 20 – 22

Eins kvölds námskeið um sögu, uppbyggingu, stefnu og hlutverk Evrópusambandsins í víðu samhengi.

Eiríkur Bergmann prófessor og Magnús Árni Skjöld Magnússon dósent verða með skemmtilega og fræðandi kynningu á sambandinu og helstu þáttum Evrópusamvinnunnar.

Ókeypis aðgangur og léttar kaffiveitingar.

Nauðsynlegt er að skrá þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið [evropustofa@evropustofa.is](mailto:evropustofa@evropustofa.is)

**Evrópastofa**  
Upplýsingamiðstöð ESB

## Líkti eftir árásunum í París í byrjun árs

Danska lögreglan skaut í gærmorgun 22 ára gamlan mann, sem talinn var hafa orðið tveimur mönnum að bana og sært fimm lögregluþjóna í tveimur skotárásum í Kaupmannahöfn. Hann hafði setið í fangelsi í eitt ár vegna ofbeldisbrots.

**DANMÖRK** Árásarmaðurinn, sem myrti tvo og særði fimm í Kaupmannahöfn um helgina, hét Omar Abdel Hamid El-Hussein, fæddur í Danmörku og var 22 ára gamall. Hann hafði áður komist í kast við lögin og var viðriðinn harðsnúin glæpagengi í Kaupmannahöfn.

Fyrir nokkrum vikum var hann látinn laus úr fangelsi eftir að hafa afplánað eitt ár af tveggja ára fangelsisdómi, sem hann fékk fyrir að hafa gert hnifstunguárás á nítján ára mann í járnbrautarlest árið 2013.

Hann lét sjálfur lífið í gærmorgun þegar til skotbardaga kom við lögreglu fyrir utan íbúð á Norðurbrú, þar sem lögreglan hafði beðið eftir honum klukkutímum saman.

Síðdegis í gær handtók danska lögreglan svo fjóra menn á netkaffihúsi skammt frá íbúðinni á Norðurbrú. Húslit var gerð víða í Kaupmannahöfn í tengslum við þetta mál.

Árásarmaðurinn gerði tvær árásir um helgina, þá fyrri upp úr hádegi á laugardegi þegar hann réðst á menningarhús þar sem haldin var ráðstefna um málfrelsi og íslam, en þá seinni skömmu upp úr miðnætti aðfaranótt sunnudags þegar hann réðst á aðalbænahús gyðinga í borginni.

Í bæði skiptin drap hann einn mann og særði lögreglumenn, þrjá í fyrri árásinni og tvo í þeirri seinni. Fjórir hinna særðu voru enn á sjúkrahúsi síðdegis í gær.

Skotárásir og morð tengd glæpagengjum vélhólasamtaka hafa verið harla algeng í Kaupmannahöfn á síðustu árum.

Valið á árársstöðunum bendir til þess að hann hafi viljað líkja eftir árásunum í París snemma í janúar þar sem öfgamenn réðust á ritstjórn skoptímarits og matvörumarkað sem gyðingar stunda mikið.

Á blaðamannafundi í gær sagði Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, samt augljóst að þarna hefði



**FORSÆTISRÁÐHERRA KRÝPUR** Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, var ein þeirra fjölmörgu sem lögðu blóm á gangstéttina fyrir utan bænahús gyðinga í Krystalsgötu.


NORDICPHOTOS/AFP

hryðjuverkamaður verið á ferðinni: „Við höfum sem þjóð gengið í gegnum nokkrar klukkustundir sem við munum aldrei gleyma. Við höfum fundið fyrir óbragði ótta og magnleysi, sem hryðjuverkamenn vilja koma til leiddar,“ sagði hún og tók fram að nú væri mikilvægt að Danir stæðu saman.

„Þetta er ekki barátta milli þeirra sem eru múslimar og þeirra sem ekki eru múslimar,“ sagði hún síðan. „Þetta er barátta milli einstaklingsfrelsis og myrkrar hugmyndafræði.“

Margrét Danadrottning tók í sama streng í yfirlýsingu sem hún sendi frá sér: „Það er mikilvægt að við stöndum saman þegar ástandið er þetta alvarlegt og verjum þau gildi sem Danmörk er reist á.“

Þá heimsótti Francois Hollande Frakklandsforseti danska sendiráðið í París og sagði árársarmanninn í Kaupmannahöfn hafa valið sömu skotmörk og árársarmennirnir í París.



**ÁRÁSARMAÐURINN** Ofbeldismaður sem vírdist hafa viljað líkja eftir árásunum í París snemma í janúar.

NORDICPHOTOS/AFP

hinna fleygu orða: „Je suis Charlie“ sem fóru víða eftir árársirnar á Charlie Hebdo.

Engar fréttir hafa samt borist af því að danski árásarmaðurinn hafi verið tengdur öfgahópum íslamista á neinn hátt.

gudsteinn@frettabladid.is

23.-27. apríl | 1.-5. maí

**Prag**

Frá kr. **77.900**

Hotel ILF  
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi á Hotel ILF. 23. apríl í 4 nætur með afslætti.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000  
[www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

Heimsferðir

# Framúrskarandi hönnun fyrir snjó og hálfu

Aksturseiginleikar og búnaður Mercedes-Benz GLK sportjeppans gera vetraraksturinn að einskærri ánægju. 4MATIC aldrifskerfið eykur stöðugleika og öryggi. Kerfið er ávallt virkt og bregst strax við breyttum akstursaðstæðum t.d. mikilli úrkomu, ísingu eða snjó.

Hjá Öskju á Krókhálsi 11 bíður þín glæsilegur GLK til sýnis og reynsluaksturs.



Bíll á mynd: Mercedes-Benz GLK 220 CDI BlueEFFICIENCY 4MATIC aldrifsbúnaður, 7 þrepa sjálfskipting, 170 hÖ., dráttargeta 2.400 kg, eyðsla frá 6,1 l/100 km í blönduðum akstri.

## FINAL EDITION pakki

Off-road fjöðrun með 3 cm hækkun, aftengjanlegt dráttarbeisli, 17" álfelgur, heilsársdekk, skyggðar rúður, upphituð framsæti, rafdrifinn afturhleri, krómpakki og ljósapakki.

Verð 7.990.000 kr.



Mercedes-Benz

## Maður gripinn í Keflavík: Reyndist með falsað vegabréf

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Suðurnesjum handtók nýverið erlendan ferðamann sem ferðaðist á vegabréfi annars manns. Maðurinn kom frá Svíþjóð og var á leið til Toronto í Kanada þegar lögregla hafði afskipti af honum.

Vegabréfið hafði verið gefið út í Svíþjóð og kvaðst maðurinn hafa keypt það af karlmanni þar í landi fyrir fimm þúsund sænskar, eða um 80 þúsund íslenskar.

## Karlar áreittu fólk í flugvél: Ölvaðir farþegar voru með ólæti

**LÖGREGLUMÁL** Maður á leið frá Bandaríkjunum til Bretlands varð eftir á Íslandi vegna dólgláta á leiðinni hingað til lands, undir lok síðustu viku.

Í tilkynningu lögreglu á Suðurnesjum kemur fram að höfð hafi verið afskipti af tveimur farþegum í vél frá New York sem skömmu eftir flugtak þaðan tóku að áreita farþega og viðhafa ýmiss konar dólglæti. Áhöfn vélarinnar hafi þó náð að róa þá eitthvað. Báðir voru á leið til Lundúna en lögregla ákvað að aðeins annar fengi að halda áfram för sinni. Vegna ölvunar hins þótti ekki fært að hleypanum um borð í flugvél.

# Umræða lituð af fordómum

Ný rannsókn leiðir í ljós að íbúar Reykjanesbæjar telja hælisleitendur fá meiri peninga en raun ber vitni. 66 prósent þeirra sem tóku þátt í könnuninni telja búsetu hælisleitenda þar ekki hafa góð áhrif á bæjarfélagið.

**SAMFÉLAGSMÁL** Viðhorf íbúa Reykjanesbæjar til hælisleitenda er mun neikvæðara en viðhorf íbúa á höfuðborgarsvæðinu og þeir telja að til þeirra renni meiri fjármunir en raun ber vitni.

Þetta kemur fram í rannsókn Jóhannu Maríu Jónsdóttur á kostnaði og viðhorfi vegna hælisleitenda í Reykjanesbæ. Rannsóknin er lokaverkefni Jóhannu Maríu til B.S.-gráðu frá viðskiptadeild við Háskólann á Bifröst.

Í Reykjanesbæ voru 66 prósent aðspurðra ýmist ósammála eða mjög ósammála fullyrðingu um að „búseta hælisleitenda hér á landi sé góð fyrir samfélagið“. Í Reykjavík voru 29 prósent ósammála eða mjög ósammála fullyrðingunni.

Jóhanna segist hafa valið ritgerðarefnið þar sem hún hafi sjálf haft vissar hugmyndir um það hversu mikill kostnaður fylgdi hælisleitendum og haft frekar neikvætt viðhorf til þeirra. Hún vildi vita hver raunverulegur kostnaður bæjarins væri vegna hælisleitenda, hvernig honum væri ráðstafað eða hver greiddi hann. „Ég bjó á Suðurnesjum og vann í Reykjanesbæ á

þessum tíma og varð mikið vör við frekar neikvæða umræðu. Umræðan var oft á þann veg að þeir væru að fá of mikið, kostuðu bæjarfélagið mikla peninga og hefðu ekki góð áhrif á samfélagið,“ segir hún.

Reykjanesbær var til ársloka 2013 eina sveitarfélagið sem sá um að þjónusta hælisleitendur.

Niðurstöður rannsóknarinnar voru að íbúar í Reykjanesbæ eru heilt yfir með neikvæðari sýn og viðhorf í garð hælisleitenda en höfuðborgarbúar. „Það skýrist líklega af nálægðinni, það voru svo margir hælisleitendur hér á tímabili og fólk tekur meira eftir því hér en í Reykjavík,“ segir Jóhanna.

Þegar spurt var út í fjármuni til hælisleitenda þá töldu 61 prósent þátttakenda í Reykjanesbæ of háar fjárhæðir renna til þeirra, á móti 30 prósentum svaraenda í Reykjavík. Einnig var upphæðin sem Reyknesingar töldu hælisleitendurna fá mun hærri en hún er í raun.

Félagsþjónustan fær 7.477 krónur á dag fyrir hvern hælisleitanda og það þarf að duga fyrir öllu, þar með talið leigu á



**FIT HOSTEL** Í rannsókn Jóhannu kom fram að íbúar Reykjanesbæjar hefðu neikvætt viðhorf til hælisleitenda í bænum. Hælisleitendur hafa meðal annars búið á Fit hosteli í Reykjanesbæ.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



„Ég bjó á Suðurnesjum og vann í Reykjanesbæ á þessum tíma og varð mikið umræðu.“

Jóhanna María Jónsdóttir, útskriftarnemi frá Bifröst.

húsnæði, hita og rafmagni, interneti, fæði, læknisskoðun og þess háttar. Hver hælisleitandi fær 8.000 krónur inn á Bónuskort á viku sem og 2.700 krónur í dagpeninga á viku eða 10.800 fyrir mánuðinn.

Jóhanna segir niðurstöðurnar hafa komið sér að vissu leyti á óvart. „Ég vissi að viðhorfið væri neikvætt en ekki að það væri svona mikið og eins hvað þeir töldu að íbúarnir fengju meiri pening en raun ber vitni.“

viktoria@frettabladid.is

Genuine Parts®



**20%  
AFSLÁTTUR**  
BREMSUVÖRUR OG  
BREMSUVINNA VIÐ  
HEKLUBÍLA

## BREMSAÐU AF ÖRYGGI

Renndu við hjá **HEKLU** við Laugaveg og við skiptum um bremsuklossa/bremsudiska á meðan þú bíður.

Hjá **HEKLU** er óþarfi að panta tíma fyrir smærri viðgerðir. Ef þú vilt ekki bíða skilur þú bílinn eftir hjá okkur og við skutlum þér þangað sem þú vilt fara – og sækjum þig aftur!



Laugavegi 170-174 · Sími 590 5000 · hekla.is



**VARASAMT?** Svokallaðir koddar eiga aðeins að notast í götum með 30 km hámarks hraða að mati Snigla. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sniglar vilja banna hættulegar hraðahindranir:

## Koddar sagðir geta verið slysagildirur

**SAMGÖNGUR** Bifhjólasamtökin Sniglarnir mótmæla eindregið notkun svokallaðra „koddar“ eða trapúsulaga hraðahindrana í götum sem eru með meira en 30 km hámarks hraða. Telja samtökin þessa gerð hindrana til að ná niður hraða á götum alls ekki henta bifhjólu.

Samtökin benda á að yfirborð þessara svokölluðu koddar verði afar hált í bleytu og þar af leiðandi hættulegt bifhjólafólki.

Rannsóknarnefnd samgöngu-

slysa skrifaði skýrslu um bana-slys á Akranesi í maí árið 2013 sem má rekja til þess að bifhjólamaður missti stjórn á hjóli sínu á slíkum koddar með þeim afleiðingum að hann kastaðist út í fjöru. Við það slasaðist hann alvarlega og lést samdægurs.

Bifhjólasamtökin halda því fram að hefði venjuleg hraðahindrun verið á veginum hefði slysið ekki orðið. Aðfallshorn koddanna sé afar krappt fyrir fjöðrunarbúnað mótörhjóla og skapi þannig hættu. - SA



Ný upplifun  
í glæsilegum sal  
á Skúlagötu

**Beiri  
Sælin**

**aktu  
taktu**



# 50% AFSLÁTTUR

## AF RJÓMABOLLUM Í DAG, BOLLUDAG

Bolla  
bolla...



### Tilbúnar bollur

- Rjómbollur (ger) með súkkulaði
- Rjómbollur (ger) með púnsi
- Vatnsdeigsbollur:
- Irish coffie og karamella
- Rjómbollur með súkkulaði
- Bananafylling og karamella
- Daim með kaffi og karamellu
- Kókosbolla

197 kr/stk  
fullt verð 394



SALTKJÖT  
BLANDAÐ  
1.299 kr/kg

SALTKJÖT  
VALIÐ  
2.599 kr/kg

### 45% MINNA SALT -SAMA BRAGÐ

Hófleg saltneysla er mikilvæg fyrir alla og sér í lagi þá sem hafa hækkaðan blóðþrýsting og/eða eru yfir kjörþyngd. Kjöttmeistarar Hagkaups mæla með sérverkuðu saltkjöti frá Íslandslambi, þar sem verulega er dregið úr notkun matarsalts án þess að það komi niður á bragðgæðum.

ÞÚ GETUR VALIÐ SALTKJÖT ÚR KJÖTBORÐUM HAGKAUPS Í KRINGLUNNI, GARÐABÆ, Á EIÐISTORGI OG AKUREYRI.

TÖFRA  
HETJURNAR



Töfra hetjurnar  
st. S-M 4.929



Töfra hetjurnar  
st. S-L 4.929

AÐEINS Í  
HAGKAUP!

LAZY  
TOWN



Solla stirða  
st. 3-4 4.929

Íþróttálfurinn  
st. 3-5 4.929

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

# Uppbygging strandar á innsiglingu

Pingmaður vill fá svör um framtíðarsýn innanríkisráðherra á hafnarbætur við Höfn í Hornafirði. Þar taka stærri skip ítrekað niðri á leið til hafnar. Sjómönnum er sögð hætta búin og þróun sjávarútvegs á Höfn eru sögð veruleg takmörk sett að óbreyttu ástandi.

**ATVINNUMÁL** „Við byggjum okkar afkomu að mestu leyti á sjávarútvegi. Ef hann getur ekki þróast og dafnað hér, og verið samkeppnishæfur, þá hræðist maður afleiðingarnar,“ segir Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri á Höfn í Hornafirði, spurður um fyrirspurn Silju Daggar Gunnarsdóttur, þingmanns Framsóknarflokksins, til innanríkisráðherra um áframhald rannsókna á Grynnslnum, sandrifi utan við Hornafjarðarós sem er varhuga-verður farartálmi skipa á leið inn til Hafnar í Hornafirði.

Það sem Silja Dögg vill vita er til hvaða ráðstafana ráðherra hyggst grípa til að tryggja þær rannsóknir sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmdir svo gera megi innsiglinguna í Hornafjarðarhöfn greiða og örugga – og hvenær ráðherra sjái fyrir sér að framkvæmdir geti hafist á grundvelli þeirra.



BJÖRN INGI JÓNSSON

Björn Ingi telur að núverandi aðstæður við innsiglinguna standi uppbyggingu atvinnulífs á Höfn fyrir þrifum. Fiskiskip á leið til hafnar taka ítrekað niðri á Grynnslnum, og þau stærri án undantekninga þó þau sæti lagi á flóði til að komast til hafnar. Þessar aðstæður valda því að skip neyðast oft til að fara annað til löndunar, og að sögn bæjarstjórans telur það hratt í bókhalda fiskibæjar þegar fullhlaðin skip sigla framhjá. Endurnýjun í flotanum, ekki síst ný uppsjárveiðiskip, er í eina átt; stærri og öflugri skip. Slík uppbygging er ekki möguleg á Höfn, og mun takmarka enn möguleika staðarins til að taka á móti

afla þegar til framtíðar er litið. „Skipin eru að taka ítrekað niðri og þetta verður að skoðast líka út frá öryggi sjómanna. Það er mikið hagsmunamál, svo ekki sé kveðið fastar að orði, að menn séu ekki að stranda skipum sínum í hvert sinn sem þeir sigla hér inn til hafnar,“ segir Björn Ingi.

Vegagerðin, áður Siglingastofnun, hefur unnið að rannsóknum á Hornafjarðarósi á undanförunum árum. Vegagerðin hefur sett fram rannsóknarætlun til þriggja ára sem hefur það að markmiði að kanna hvaða lausnir eru mögulegar til að auka dýpi á Grynnslnum.

Samkvæmt heimildum blaðsins er kostnaður við rannsóknirnar á sjöunda tug milljóna – og ekki á dagskránni þar sem rannsóknir tengdar hafnamálum hafa legið að mestu niðri frá hrúni.

svavar@frettabladid.is



YFIR GRYNNSLIN Stærri skip taka ítrekað niðri á rifinu.

MYND/KRISTJÁN JÓNSSON

## → Jökulbráð hefur áhrif á innsiglinguna

- Svo hratt rís land Suðaustanlands að rannsóknir um hafnarbætur við Höfn í Hornafirði þurfa að taka tillit til þess.
- Höfn stendur nú 15 sentímetrum hærra en bærinn gerði árið 1997, en ástæðan er minna farg af völdum jökulþekju vegna bráðunar hennar.
- Suðausturströndin rís um 0,8 til 1,4 sentímetra á ári vegna bráðunarinnar og verður það rakið beint til Vatnajökuls. Það sem gerist þegar jöklar hropa og þynnast er að þá lyftist jarðskorpan þegar fargið minnkar.
- 7 milljónir króna fóru í fyrra til rannsókna á Höfn; 15 milljónir runnu til öldufars- og strandrannsókna yfir landið í heild. Hornafjarðarhöfn er eina höfnin sem ríkið hefur lagt fé í rannsóknir á. Fé til rannsókna á Grynnslnum hefur komið úr fjárveitingum til hafnamála á fjárlögum.



## SKJÓTARI EN SKUGGINN

Kiptu líðunum í lag með Omega 3 líðamíni

- Omega 3 líðamín vinnur gegn stífum líðum og viðheldur heilbrigði þeirra.
- Líðamín inniheldur Hyal-Joint® sem einnig má finna í liðvökva, seigfljótandi vökva sem smyr og viðheldur mýkt í liðamótum.
- Það hjálpar líkamanum einnig að fyrirbyggja stíra liði, sem getur skipt höfuðmáli í þjálfun og líkamsrækt.



www.lidamin.is



LENDING VIÐ LEIFSSTÖÐ Fjöldi flugfélaga fer á ári hverju um íslenska flugstjórnarsvæðið.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Flug sem svarar til 4.644 ferða umhverfis jörðina:

## Vélum fjölgaði um 12,5 prósent milli ára

**SAMGÖNGUR** Flogin vegalengd í íslenska flugstjórnarsvæðinu á síðasta ári samsvarar 4.644 ferðum umhverfis jörðina, að því er fram kemur í nýjum tölum frá Isavia.

Þá fjölgaði vélum sem hér fóru um flugstjórnarsvæðið um 12,5 prósent milli ára, voru 130.856 í fyrra. Flognir kílómetrar voru 11,1 prósent fleiri.

Fram kemur að á árinu 2014 hafi yfir 130 þúsund flugvélar flogið 186 milljónir kílómetra um íslenska flugstjórnarsvæðið. Farþegum í millilandaflugi fjölgaði um fimmtung (19,9 prósent) á meðan innanlandsfarþegum fækkaði um 2,8 prósent á sama tímabili.

„Farþegafjöldi á Keflavíkurflugvelli var alls 3.867.418 sem er

20,5 prósent aukning frá fyrra ári. Umfang vöru- og póstflutninga minnkaði um 1,5 prósent innanlands en jókst um 1,3 prósent milli landa,“ segir í tilkynningu Isavia.

Mikill hluti flugumferðar er vegna ferða milli Evrópu og Norður-Ameríku, en um íslenska svæðið fer um fjórðungur þeirrar flugumferðar. „Algengasta leiðin innan flugstjórnarsvæðisins var sem fyrr frá London til Los Angeles en 2.181 ferðir voru farnar þá leið á árinu.“

Þau sjö flugfélög sem oftast flugu um íslenska svæðið eru Icelandair, United Airlines, Delta, British Airways, Lufthansa, Emirates og SAS, að því er fram kemur hjá Isavia.

- óká

**SAUTER STJÖRNÞUNADUR**

**STULZ RAKA- OG KÆLITÆKI**

**interfiltra** **LOFTSIÚR**

**VATNSHREINSITÆKI**

Kælitæki á vegg

Kælitæki í loft

**Kæling fyrir öll tölvurými, skrifstofur og gagnarver frá**

**STULZ**

Rafstjórn tekur út og þjónustar öll kæli- og loftræstikerfi.

Rakataeki

- Hagnám i rekstri
- Mikið rekstraröryggi
- Viðheldur umbeðnu rakastigi

**RAFSTJÖRN ehf.**

Virkni loftræstikerfa er okkar íng.

Rafstjórn ehf - Stangarhyl 1A - Sími: 587-8890 - www.rafstjorn.is - Örugg þjónusta í 27 ár



**G-FORCE** CVT Reimar

# Snjósleðareimar

**SNOW TECH**  
MAGAZINE

Blaðgrein úr Snow Tech Magazine  
September 2014

Tim Lessard (Grip'n Rip Racing) og Chad Dow renndu sér á G-Force-reimum á Iron Dog-keppnissleðunum sínum í Alaska síðasta vetur og fannst Gates-reimarnar mun stöðugri en reimar frá snjósleðaframleiðandanum.

Gates-reimarnar héldu sama hámarks snúningshraða við allar aðstæður, jafnt á þröngum slóðum sem og á fullri ferð um lengri vegalengdir yfir vötn.

Drifreim frá snjósleðaframleiðanda hitnaði og hámarks snúningshraðinn breyttist þar sem Gates-reimin hélt sínu striki.

Þá fannst þeim Gates-reimin ögn hraðari og að hún missti síður niður hraða við að hitna heldur en reim frá sleðaframleiðanda.



Top Fabric

Fiber Loaded Rubber

Adhesion Gum

Tensile Cord

Fiber Loaded Rubber

Cog Jacket

Fæst í verslun okkar að  
Bíldshöfða 10, 110 Reykjavík og  
Draupnigötu 1, 600 Akureyri

100  
Gates  
1911 2011  
POWERING PROGRESS™

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [stilling.is](http://stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

Forseti Íslands er í vinfengi við Sigurð Einarsson:

## Forsetinn lofaði Kaupþingsmenn

Má vera að dómur Hæstaréttar yfir Kaupþingsmönnum fjórum hreyfi við stöðu Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands? Ólafur Ragnar hefur átt í talsverðum samskiptum við þá, einkum við Sigurð Einarsson, fyrrverandi stjórnarformann. Ólafur Ragnar lagði þeim lið, hann greiddi götu Sigurðar og félaga hans. Veldur það forsetanum skaða? Samskipti Ólafs Ragnars Grímssonar og Sigurðar Einarssonar voru rifjuð upp í Spegli Ríkisútvarpsins. Þar kom fram að í bókinni Saga af forseta, sem Guðjón Friðriksson skrifaði um Ólaf Ragnar, segi „... að Ólafur Ragnar



Sigurjón Magnús Egilsson

sme@frettabladid.is

hafi allt frá árinu 2000 unnið með Sigurði Einarssyni, bæði í þágu bankans og annarra málefna. Guðjón segir að telja megi Sigurð meðal helstu samstarfsmanna forsetans á síðari árum. Í bréfi til krónprinsins í Sameinuðu furstadæmunum í apríl 2008, segir Ólafur að hann hafi fylgst náið með þróun Kaupþingsbanka síðastliðin 10 ár. Bæði hann og íslenska þjóðin séu afar stolt af afrekum bankans. Bankinn sé í algerri forystu í íslensku efnahagslífi. Hann mæli eindregið með bankanum. Fagleg vinnubrögð stjórnenda bankans og starfsmanna hafi gert bankann að einum öflugasta banka Evrópu.“

Óftar greip Ólafur Ragnar inn í atburðarrásina. Davíð Oddsson, þá forsætisráðherra, kundi það ráð eitt þegar honum fannst nóg um ofurlaun stjórnenda Kaupþings að hætta persónulegum viðskiptum við bankann. Hann gerði það í viðurvist fjölmiðla svo öllum yrði ljóst hvað hann væri að gera. Fréttin spurðist út, eðlilega. Inngrip forsætisráðherrans truflaði samningaviðræður Kaupþings um kaup á Singer & Friedlander-bankanum breska. Í áður nefndri bók Guðjóns Friðrikssonar kemur fram að þeir hafi þurft að sýna fram á að bankinn væri ekki rúinn trausti. Þeir sneru sér til Ólafs Ragnars sem hélt veglega veislu á Bessastöðum fyrir bresku bankamennina. Þar rómaði hann ágæti Kaupþings og bankinn var keyptur.

Í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis segir á einum stað: „Þegar horft er til baka yfir þá atburði sem leiddu til hruns í íslensku efnahagslífi vekur þáttur forseta Íslands sérstaka athygli. Þótt stjórnkerfið í heild beri með margvíslegum hætti ábyrgð á því sem gerðist verður ekki hjá því komist að skoða embætti forseta Íslands sérstaklega, svo hart gekk forsetinn fram í þjónustu sinni við útrásina og þá einstaklinga sem þar voru fremstir í flokki.“

Nú er svo komið að einn helsti samstarfsmaður forsetans, Sigurður Einarsson, hefur verið dæmdur fyrir verk sín. Verk sem forsetinn kom óbeint að, með því að lofa Kaupþingsmennina og mæla eindregið með bankanum. Hann sagði meðal annars að fagleg vinnubrögð stjórnenda bankans og starfsmanna hefðu gert bankann að einum öflugasta banka Evrópu. Forsetinn hefur vissulega beðist afsökunar á mörgu því sem hann sagði, en dugar það nú þegar alvara málsins rifjast upp?

Í ljósi nýjustu atburða er vert að skoða þetta úr rannsóknarskýrslunni: „Það er athyglisvert að nokkrir þeirra eiginleika sem forsetinn taldi útrásarmönnum til tekna eru einmitt þeir þættir sem urðu þeim og þjóðinni að falli.“ Kaupþingsmenn voru dæmdir sekir um alvarlega hluti. Forsetinn tók þátt í tilbúningi blekkingarinnar. Hefur staða hans breyst?

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTASTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## UMHVERFISMÆLAR

Súrefnismælar • hitamælar • pH mælar o.m.fl. og nú er Fastus einnig söluaðili Merck efnavöru



Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

### FRÁ DEGI TIL DAGS

**Kannast ekki við ágreininginn**  
Þorsteinn Sæmundsson, þingmaður Framsóknar og fulltrúi í atvinnuveganefnd, sagðist í útarvarpættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær ekki kannast við ágreining milli stjórnarflokkanna um framtíðarskipan sjávarútvegsmála. Af fréttum að dæma er tekist á um hvernig skilgreina skuli eignarhald á veiðiheimum. Sjálfstæðismenn hafa sagst vilja gera kvótann að eign útgerðarinnar með ákveðnari hætti en nú er gert en framsóknarmenn ekki. Þorsteinn kannaðist ekki við ágreininginn, sem hefur meðal annars leitt til þess að sjávarútvegsráðherra hefur ekki getað lagt fram fullklárað frumvarp um þetta, þar sem deildar meiningar eru milli þingmanna flokka.



### Hver á sameignina?

Stjórn fiskveiða er og verður deilumál sem og réttur hvers og eins. Lögin byrja svona: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimum.“ Þarna er skýrt talað. Samt veft fyrir mörgum hvaða skilning eigi að leggja í lagatextann. Alþingi kemur saman í dag eftir vikuhlé. Ráðherra hefur ekki enn náð að leggja fram frumvarp um breytingar. Vegna ágreinings milli stjórnarflokkanna.



### Vill þrefalda hlut ríkisins

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingkona VG, sagði í útarvarpættinum Sprengisandi á Bylgjunni í gær, að til að unnt yrði að hjálpa þeim byggðum sem mestu hafa tapað vegna kvótaflutninga yrði að auka hlut ríkisins í kvótanum, en hann er nú rúm fimm prósent, og að hann yrði að vera fimmtán prósent. Núverandi kvótahafar verði þá að sætta sig við að halda eftir 85 prósentum alls kvótans. Lilja Rafney segir að með þessu yrði hægt að styrkja brotnar byggðir og nýliðun í sjávarútvegi. Lilja Rafney sagðist gera sér grein fyrir að kvótakerfið hyrfi ekki, það yrði áfram.

sme@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Raforka á „tombóluverði“?

### ORKUMÁL



Pétur Blöndal framkvæmdastjóri Samáls, samtaka álframleiðenda

Íslendingar eru í öfundsverðri stöðu. Á fáeinum áratugum höfum við byggt upp eitt öflugasta raforkukerfi í heimi og verð til almennings er með því lægsta sem þekktist.

Það má segja að iðnaðaruppbygging hafi hafist fyrir alvöru þegar Landsvirkjun var stofnuð um Búrfellsvirkjun í tengslum við álverið í Straumsvík á sjöunda áratugnum. Síðan hefur orðið mikil framþróun, klasar hafa byggst upp í orkuíðnaði, svo sem jarðvarmaklasi og álklasi, og þekkingin er orðin útflutningsvara.

En er raforkan á Íslandi seld álverum „á tombóluverði“ eins og Jón Steinsson, dósent í hagfræði við Columbia-háskóla, hélt nýverið fram í viðtali á Bylgjunni?

Þess sér ekki stað í bókum Landsvirkjunar, en um 70% af tekjum fyrirtækisins koma frá áliðnaði. Það er til marks um sterka stöðu fyrirtækisins að í ársreikningum fyrir árið 2013 var bókfært eigið fé rúmir 200 milljarðar og handbært fé frá rekstri yfir 30 milljörðum. Á síðasta ársfundi kom fram að það gæti greitt upp allar sínar skuldir á rúnum nú árum, þrátt fyrir að hafa lokið við sína stærstu virkjun haustið 2007. Að gefnu tilefni er ástæða til að taka fram, að við sama

tækifæri sagði forstjóri Landsvirkjunar að arðsemisáætlanir Kárahnjúkavirkjunar hefðu staðist.

Landsvirkjun gefur upp að meðalverð til stóriðju árið 2013 hafi verið 25,8 dollarar á megavattstund. Langsótt er að kalla það tombóluverð því sama ár var meira en þriðjungur af öllu áli utan Kína framleitt við lægra rafmagnsverð (34,6% allrar álframleiðslu utan Kína skv. upplýsingum frá greiningarfyrirtækinu CRU). Ísland er því vissulega samkeppnishæft hvað varðar orkuverð til álframleiðslu en samt ekki í lægsta þriðjungi.

Það sem hangir á spýttunni þegar talað er um „tombóluverð“ virðist vera lagning sæstrengrs til Bretlands og sala rafmagns um hann fyrir ríkisstyrkt ofurverð. Of snemmt er að fullyrða nokkuð um mögulega arðsemi af því verkefni, því lítið liggur óbyggjandi fyrir um helstu forsendur, tæknilegar, viðskiptalegar og þjóðhagslegar.

Ef allt gengi eftir í þeim efnum gæti það mögulega falið í sér góða viðbót við orkusölu til stóriðju. En það væri að sjálfsögðu enginn áfellsdómur yfir fyrri stefnu, sem hefur fært Íslendingum gríðarlegan ávinning og mun halda áfram að gera það.

# Að kenningu verða

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
rithöfundur

Það er aldrei ánægjuefni að horfa á eftir mönnum í fangelsi. Það hlýtur að vera þungbær reynsla að vera lokaður inni, sviptur frelsi og án samvista við fjölskyldu og vini. Því fylgir mikil auðmýking, félagsleg útskúfun og löskuð sjálfsmynd. Þegar dómur er fallinn yfir fólki og það fer í fangelsi eiga samborgarar þess að líta svo á að máli viðkomandi sé lokið og dæma það af verkum sínum þaðan í frá; við eigum að gefa fólki nýtt tækifæri að lokinni afplánun og vona að það eigi eftir að verða nýttir borgarar sem veita hæfileikum sínum og orku í farsælli farveg en áður. Gildir þá einu hvað viðkomandi heitir og hefur gert. Mjög ofnotað orð í þessu samhengi – og ýmsu öðru – er „meðvirkni“, eins og manni beri alveg sérstök skylda til ævarandi haturs og heiftar gagnvart mönnum sem stóðu í misheppnuðu og ólöglegu fjármálabralli. Það er ekki meðvirkni að hafa samúð með fólki á erfíðum stundum ævinnar, jafnvel þótt það geti sjálfu sér um kennt og jafnvel þótt það hafi valdið öðrum umtalsverðum skaða með framferði sínu.

## Að vera – og vera ekki

Þar með er ekki sagt að maður lifi sig inn í málflutning manna sem vita varla sitt rjúkandi ráð eftir áralanga afneitun, sem nærð er af drjúgu tímakaupi lögmannna sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga mál á langinn.

Það er mikilvægur þáttur í uppgjöri okkar við Hrunið að dómsmál yfir helstu gerendum þar hafi sinn gang, ótrufluð af hundakúnstum verjenda, tilraunum til að ónýta mál með lagaklækjum og skertum framlögum til sérstaks saksóknara, eins og sterk öfl innan núverandi stjórnarflokka vilja gera. En þegar málum er lokið með dómi – sekt eða sýknu – eigum við líka að hemja heift okkar og dómgerni.

Lögmenn Kaupþingsmanna hafa verið orðvarir eftir dóminn og tveir hinna dæmdu hafa haft vit á því að fara ekki að tjá sig í fjölmiðlum um hann. Hinir tveir sem tjáðu sig höfðu lítinn sóma af því. Það er fráleitt að láta

eins og mannréttindi hafi verið brotin á mönnum fyrir þá sök að rétta yfir þeim fyrir markaðsmisnotkun og sýndarviðskipti sem urðu til þess að gjaldeyrisvarasjóður íslensku þjóðarinnar gafaði upp í Money-heaven. Það heyrir ekki undir mannréttindi að vera undanþeginn lögum. Samfélagið virkar ekki þannig að það sé komið undir okkar eigin mati hverju sinni hvort við brjótum lög eður ei, eða manna sem við kaupum til að vera sammála okkur. Maður skyldi ætla að einhver af þeim lögmönnum sem þessir menn hafa – með tugi þúsunda á tímann – ætti að geta útskýrt réttarríkið fyrir umbjóðendum sínum þegar þeir stíga nú niður úr sinni Money-heaven-vídd. Dómstólar dæma og við virðum dóma þeirra. Látum þá okkur helst af öllu að kenningu verða.

Og hver er sú kenning? Til dæmis að vanda sig. Að iðka dyggðir en ekki lesti. Að vera hæversk, samviskusöm, nægju-söm, heiðarleg, raunsæ og reglusöm. Að vera lengi að taka ákvarðanir en ekki skjót til ákvarðanatöku; að eiga fyrir því sem keypt er; að greiða skuldir sínar; að hafa langar boðleiðir en ekki stuttar: vera formföst, nákvæm, kurteis, mild í framkomu og laus við hroka. Með öðrum orðum: Að vera allt það sem útrásarvikingarnir voru ekki og vera aldrei eins og útrásarvikingarnir voru. Þá kann okkur að farnast vel.

## Tryllitæki markaðarins

Við ættum helst ekki að ein-skorða uppgjör okkar við tiltekna einstaklinga sem hafi sökum síns illa innrætis misnotað frelsið sem veittist með inn-göngunni í EES. Þetta var ekki þannig. Þetta var sambland af aðstæðum og hugmyndafræði og eitruðu samspili þar á milli.

Íslendingar kunnu ekkert á óheft viðskipti. Þeir voru eins og Gosi spýtustrákur í bæjarferð, og eyrun strax farin að lengjast. Þeir voru eins og krakkar sem komast undir stýri á tryllitæki án nægilegs undirbúnings og djöflast af stað án fyrirhyggju og grunlaus um torfverur, hindranir og gjótur. Og þegar slíkt varð á vegi þeirra – þá hækkuðu þeir bara viðskiptavildina með velþóknun endurskoðendanna sem enn starfa eins og ekkert hafi í skorist.

Bankarnir voru fullir af krökkum úr þjóðardjúpinu. Þau voru vel gefin og vel menntuð á sína vísu, þó að augljóslega hafi vantað í viðskiptamenntunina annars vegar þjálfun síðvits og

Það er mikilvægur þáttur í uppgjöri okkar við Hrunið að dómsmál yfir helstu gerendum þar hafi sinn gang, ótrufluð af hundakúnstum verjenda, tilraunum til að ónýta mál með lagaklækjum og skertum framlögum til sérstaks saksóknara, eins og sterk öfl innan núverandi stjórnarflokka vilja gera. En þegar málum er lokið með dómi – sekt eða sýknu – eigum við líka að hemja heift okkar og dómgerni.

hins vegar almenna skynsemi. Þau voru ekki illa innrætt en þau voru haldin ranghugmyndum. Þeim var innprentað að peningar væru einhlítur mælikvarði á verðmæti og réttlæti; Markaðurinn væri óbrigðull og óskeikull, Forsjóin sjálf. Úrskurðir hans væru alltaf réttir og endanlegir en maður yrði að vera klókur og ófyrirleitinn til að lifa af. Maður yrði að snúa á aðra. Gróðinn væri markmið og mælikvarði og lífið liði frá einum díl til annars. Yrði manni á myndi Markaðurinn refsanna manni en græddi maður á dínnum hefði maður haft rétt fyrir sér. Þau trúðu því að ekkert mætti verða til þess að hindra að Markaðurinn fengi að hafa sinn gang og fara sínu fram; það væri eins og að grípa fram fyrir hendurnar á Forsjóininni sjálfri. Afleiðing þessarar stefnu var allsherjar afnám á regluverki og eftirliti með bönkunum. Þetta var hugmyndafræðin sem smaug um allt samfélagið, og eins og við vitum af reynslunni af alls konar öðrum lokuðum og alskýrandi hugmyndakerfum, endar það með ósköpum þegar heilu þjóðfélögin ánetjast þeim. Það var þessi hugmyndafræði sem felldi samfélagið, ekki innræti einstakra manna.

Meira? Já Ísland getur ekki orðið alþjóðleg fjármálamiðstöð. Íslendingar eru hvorki betri né verri en annað fólk. Og stórhættulegt er að leyfa auðsöfnun nálægt valdauppsprettum stjórn-málaflokkanna, eins og gerðist kringum Kaupþing og Framsóknarflokkinn. Og næst þegar samþykktir koma frá Viðskiptaþingi skulum við ekki leyfa þeim að verða að ríkjandi kenningu heldur láta okkur þær að kenningu verða.

# Ég nota SagaPro

Helga Arnardóttir, húsmóðir

„Stóla á SagaPro á daginn“



Sama góða varan í nýjum umbúðum

SAGAMEDICA  
www.sagamedica.is

## RÚNAR RÓBERTS ER Í LOFTINU

ALLA VIRKA DAGA MILLI KL. 13:00 - 16:00

# BYLGJAN

989

## MERKISATBURÐIR

- 1808** Frakkar ráðast inn í Spán.
- 1899** Knattspyrnufélag Reykjavíkur var stofnað.
- 1918** Litháen lýsti yfir sjálfstæði frá Rússlandi og Þýskalandi.
- 1918** Dover-höfn í Englandi verður fyrir sprengjuárás þýsks kafbáts í fyrri heimsstyrjöldinni.
- 1920** Hæstiréttur Íslands kom saman í fyrsta sinn.
- 1923** Howard Carter opnaði gröf Tútankamons.
- 1927** Heimdallur, félag ungra sjálfstæðismanna í Reykjavík, var stofnaður.
- 1937** Wallace H. Carothers fékk einkaleyfi á næloni.
- 1951** Verkfall strætisvagnstjóra hefst í Reykjavík og stendur til 21. mars.
- 1959** Fidel Castro tekur við völdum á Kúbu eftir að Fulgencio Batista hefur verið settur af.
- 1968** Neyðarlínan 911 tekin í notkun í Bandaríkjunum.
- 1981** Lag Bítlanna, Please Please Me, kemst í efsta sæti breska vinsældalistans.
- 1987** Réttarhöld yfir John Demjanjuk hófust í Jerúsalem, en hann var sakaður um grimmdarverk í fangabúðunum í Treblinka. Ekkert sannaðist á hann.
- 1995** Hornsteinn lagður að nýju húsi Hæstaréttar við Lindargötu í Reykjavík á 75 ára afmæli réttarins
- 1999** Kúrdískir skæruliðar hertóku nokkur sendiráð í Evrópu eftir að einn af foringjum þeirra, Abdullah Öcalan, var handtekinn af Tyrkjum.
- 2005** Kýótóbókunin tók gildi eftir undirskrift Rússlands.



**2011** Goðafoss, flutningaskip Eimskips, strandaði skammt undan Fredrikstad við Noregsstrendur.

**PETTA GERÐIST:** 16. FEBRÚAR 1920

## Hæstiréttur Íslands kom saman í fyrsta sinn

Hæstiréttur Íslands kom saman í fyrsta skipti þann 16. febrúar 1920 og fagnar því 95 ára afmæli í dag. Hann var stofnaður með lögum nr. 22/1919.

Krafan um að æðsta dómssvaldið flytist til landsins frá Kaupmannahöfn var samofin sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Krafan kom fyrst fram á þjóðfundinum sem haldinn var árið 1851. Síðari hluta aldarinnar hreyfðist málið fram og aftur en náði ekki fram að ganga.

Með sambandslögunum 1918 fékk Ísland fullveldi og tók í sínar hendur

framkvæmda- og löggjafarvaldið. Í lögnum stóð að æðsta dómssvaldið yrði enn í höndum Dana þar til Ísland kynni að stofna sinn eigin dómstól. Var það gert ári síðar.

Síðan þá hefur Hæstiréttur verið æðsti dómstóll landsins en tekið ýmsum breytingum í gegnum tíðina. Í upphafi voru dómendur fimm talsins en nú eru þeir nfu. Í öll árin 95 hefur málflutningur fyrir dómnum verið munnlegur en það var nylunda þegar honum var komið á fót.



**SJÖTUGUR** Séra Ægir Fr. Sigurgeirsson fagnar sjötugsafmæli í dag.

FRÉTTABLAÐID/STEFÁN

## Heldur sjaldnast upp á afmælisdaginn sinn

Séra Ægir Fr. Sigurgeirsson er sjötugur í dag. Aðeins verður boðið upp á kökur og kaffi fyrir hans allra nánustu. Með vorinu er væntanleg ljóðabók frá honum.

Séra Ægir Fr. Sigurgeirsson fagnar sjötugsafmæli sínu í dag. Hann segir ólíklegt að hann geri eitthvað sérstakt í tilefni dagsins.

„Ég ætla nú ekki að gera neitt nema mögulega að bjóða mínu allra nánasta fólki upp á kaffi og köku,“ segir Ægir og bætir við að hann hafi aldrei verið sérstakur samkvæmismaður.

„Það er nokkuð sérstakt þar sem ég heilsaði þessum heimi í samkomuhúsinu á Blönduósi.“ Þar hafi verið íbúð sem foreldrar hans bjuggu í um það leyti er hann kom í heiminn.

Aðspurður um eftirminnilegasta afmælisdaginn segir hann að enginn sérstakur standi upp úr. Afmælisdagarnir hans hafi allir verið nokkuð svipaðir og rólegir.

Ægir vill meina að hann þurfi ekk-

ert sérstakt tilefni til að lyfta sér upp. Hann reyni að vera glaður hvern dag og njóta lífsins. Hann sé ekki mikið gefinn fyrir stórar veislur og hafi hingað til ekki haldið upp á afmælið sitt. Á því verði lítil breyting í ár.

„Ég hef ánægju af því að lesa góðar bækur, fara í leikhús og á góða tónleika. Öðru hvoru leyfi ég mér það að fara til útlanda og sleikja sólina,“ en hluti fjölskyldu hans býr erlendis.

Af þeirri ástæðu ætlar hann í raun að fresta afmælinu sínu og slá því saman við útgáfu ljóðabókar sem væntanleg er í vor. Þá verði fleiri úr fjölskyldu hans á landinu.

„Nafnið á bókinni verður væntanlega Ljóðþræðir. Ég gaf út aðra slíka fyrir tveimur árum sem heitir Ljóðrákir,“ segir Ægir. Hann stefnir að

„Ég hef ánægju af því að lesa góðar bækur, fara í leikhús og á góða tónleika. Öðru hvoru leyfi ég mér það að fara til útlanda og sleikja sólina.“

Því að bókin komi út í apríl eða maí. Yrkisefnin eru ýmiss konar. Hann segir að bókin verði hlutuð niður. Sumarið leiki stórt hlutverk svo og náttúran. Að auki verði þar partur tileinkaður hlutum sem betur mættu fara.

„Ljóðagerðin er mitt helsta áhugamál sem stendur. Þetta er hin besta hugarleikfimi,“ segir afmælisbarnið séra Ægir.

johannoli@frettabladid.is



Eiginkona mín,

### ANNA JÓNA GUÐMUNDSDÓTTIR

lést á Landspítalanum við Hringbraut 23. janúar. Útförin fór fram í kyrrþey. Þökkum starfsfólki og læknum fyrir umönnunina.

Sigurður Ólafsson



Ástkær kona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### RANNVEIG TRYGGVADÓTTIR

Hringbraut 50, Reykjavík,

andaðist á heimili sínu, Grund, fimmtudaginn 5. febrúar. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, fimmtudaginn 19. febrúar klukkan 13.

Örnólfur Thorlacius

Valgeir Hallvarðsson  
Eva Hallvarðsdóttir  
Herdis Hallvarðsdóttir  
Rannveig Hallvarðsdóttir  
Tryggvi Hallvarðsson  
barnabörn og barnabarnabörn.



Aðalbjörg Kristinsdóttir  
Ásgeir Valdimarsson  
Gísli Helgason  
Jóhannes Karl Jia  
Puríður Vilhjálmssdóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið [timamot@365.is](mailto:timamot@365.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 512 5000.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BETRA AÐ LOFTA

Ilmkerti, reykelsi og aðrir ilmgjafar á heimilum leysa efni út í andrúmsloftið sem geta verið skaðleg heilsunni. Því ætti að takmarka notkun þeirra í hóbólum og lofta vel út á meðan þau eru í notkun. Það losar líka fljótt um vonda lykt sem gerir ilmefnin óþörf.

Til leigu í Skútuvogi 1h  
Skrifstofuhúsnæði 188 fm



Um er að ræða gott skrifstofurými sem er ca. 188 fm að stærð. Góð lofthæð er í plássinu og í miðju rýminu eru þakgluggar sem gefa góða birtu. Steinteppe á gólfum, nýuppgerð. Miklir möguleikar.

Ítarlegri upplýsingar liggja fyrir á skrifstofu Járn & glers hf - Skútuvogi 1 h- Barkarvogsmegin. Upplýsingar gefur Kjartan s:585-8902, 894-4711 kjartan@jarngler.is

## CURCUMIN FYRIR LÍKAMA OG SÁL

**BALSAM KYNNIR** Curcumin-gullkryddið er allt að 50 sinnum áhrifameira en hefðbundið túrmerik!

„Ég lífi heilsusamlegu lífi og vil hugsa vel um líkamann. Eftir að ég byrjaði að taka inn tvö Curcumin-hylki á dag hafa liðamótin og vöðvarnir styrkst til muna.

- Dregið hefur verulega úr bólgu-myndun
- Ég hef aukna og jafnari orku yfir daginn. Finn ekki lengur fyrir þreytu og orkuleysi seinnipartinn.
- Ég finn að ég er í betra jafnvægi og að hugsunin er skýrari.
- Hár mitt átti það til að vera þurrt en núna finnst mér það mun heilbrigðara og fallegra.
- Ég mæli svo sannarlega með Curcumin!“

Monika Jagusiak,  
kundalini-jógakennari og svæðanuddsnemi



MYND/GVA

## TUDOR RAFGEYMAR

Veldu öruggt start með nýjum TUDOR



**TUDOR** SKORRI **TUDOR**  
SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bildshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is



## CURCUMIN (GULLKRYDDIÐ)

er virka innihaldsefnið í túrmerik-rótinni og hefur verið notað til lækninga og til matargerðar í yfir 2.000 ár í Asíu. Hátt í 3.000 rannsóknir hafa verið gerðar á þessari undrarót undanfarna áratugi sem sýna að Curcumin getur unnið kraftaverk fyrir líkama og sál.



MONIKA JAGUSIAK  
kundalini-jógakennari og svæðanuddsnemi

## SÖLU-STAÐIR

Nær öll apótek, Lyfja, Lyf og heilsa, Apótekið, Apótekarinn, Heilsuhúsið, Fjarðarkaup, Hagkaup, Heimkaup, Heilsutorgið Blómavali, Lifandi markaður og Heilsulausn.is.

## Fermingar tilboð

Valhöll 5 svæðisskipt heilsudýna  
Pokagormakerfi, gæðabólstrun.

Verð með PU-leðurbotni og fótum.

120x200 cm **Verð aðeins kr. 79.900.-**

140x200 cm **Verð aðeins kr. 89.900.-**

Erum farin að taka niður pantanir. Væntanleg sending í lok mars.

### GJÖF FYLGIR

Vandyck sængurverasett að eigin vali fylgir öllum fermingar-rúmum í ár

12 mán.  
vaxtalausr  
greiðslur\*

GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ



Vandyck sængurverasett

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233

Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150

Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00

Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnafl - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

# SUPERCHARGER!

BESTA ALHLIDA FÆÐUBÓTAREFNIÐ Á MARKAÐNUM



Keyrir upp orku og brennslu  
Meiri einbeiting  
Eykur styrk og úthald  
Endurhæfir líkamann



EKKERT ANNAD!

[www.leanbody.is](http://www.leanbody.is)

## Gríms fiskibollur

hollur kostur á 5 mín.



**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)

SAFT

# GERIR NOTHÆFT ÚR ÓNOTHÆFU

**HEIMILI** Hildur Gunnarsdóttir hannyrðakona á Akureyri vill helst nýta vel úr því sem hægt er og á erfitt með að henda nokkrum hlut. Hún skoðar hugmyndasíður á netinu og breytti til dæmis gamalli skyrtu í svuntu og pottaleppa.

Víð vorum að skoða þetta á netinu, ég og bróðursonur mannsins míns. Okkur fannst þetta svo sniðug hugmynd að ég ákvað að prófa að búa svona til og gaf honum svo í jólagjöf. Svuntu og pottaleppa úr gamalli skyrtu. Ermarnar verða að pottaleppum og ég notaði gömul handklæði innan í pottaleppana til að þykkja. Ég gerði reyndar nokkur svona sett fyrir jólin,“ segir Hildur Gunnarsdóttir hannyrðakona með meiru.

Endurvinnsla er Hildi hugleikin og segist hún eiga erfitt með að henda nokkrum hlut.

„Ég er að nálgast sjötugt og hef búið til nánast allar jólagjafir alla tíð. Stundum hef ég átt lítið af peningum en nógan tíma og nýtt þá það sem ég hef haft. Mér finnst gaman að gera nothæft úr ónothæfu og finnst voðalega sorglegt að horfa á ýmsa hluti fara í ruslið. Ég á til dæmis mjög erfitt með að henda pappír, tuskum og spýtum,“ segir Hildur. „Það er eins og maður finni alltaf pláss undir það sem maður hefur áhuga á,“ bætir hún við spök.

Gamlar gallabuxur eru hennar helsta hráefni og hefur hún meðal annars saumað poka undir sund- og leikfimidót barnabarnanna, bütateppi og þá hefur hún heklað mottur úr gömlum nælonsokkabuxum.

„Tengdason minn vantaði eitthvað til að geyma hálsbindin sín í og ég bjó þá til hengi með hólum, sem hann hengir innan á skáphurðina sína, og notaði gamlar gallabuxur í bakið. Gallafni er svo þykkt og gott efni og ég hef saumað úr því svuntur og allt mögulegt. Ég hef saumað bütateppi handa barnabörnunum þegar þau fermast, meðal annars úr gallabuxum.“

Hildur segist hafa flokkað sorp árum saman og var farin að flokka allan pappír frá löngu áður en reglur voru settar þar um. „Annars var maður alltaf að fara út með ruslið. Ég nýtti líka þann pappír sem ég gat í annað en á endanum fór restin í tunnu. Þetta var áður en farið var að taka á móti pappír sérstaklega. Það er mikið af umbúðum í umferð sem eru of gott efni til að henda. Þar sem ég vinn hefur skapast hefð fyrir því að þeir sem eiga afmæli koma með köku með kaffinu. Þá safnast gjarnan upp kassar utan af bakaristertum og ég hef ekki getað séð á eftir þeim í ruslið. Ég hef til dæmis nýtt þessa kassa utan um jólagjafir þar sem allir pakkar frá mér eru mjúkir pakkar,“ segir Hildur og bætir við að endurvinnsla og endurnýtingu megi kalla hennar lífsstíl. „Ég vinn meðal annars við að gera við biluð föt á saumastofu. Það að gera eitthvað nothæft úr ónothæfu er fastur hluti af mínu lífi.“

**FYRIR HÁLSBINDIN** Hildur saumaði hengi með hólum fyrir tengdason sinn til að geyma í bindi og smáhluti og notaði gamlar gallabuxur í bakið.



**ÚTSJÓNARSÖM** Hildur Gunnarsdóttir bjó til svuntu og pottaleppa úr gamalli skyrtu handa ungum manni í jólagjöf. Endurnýting er henni hugleikin og hún vill helst ekki sjá á eftir nýtilegum hlut í ruslið. MYND/AUDUNN NIELSSON



**POTTALEPPAR** Skyrtuermarnar urðu að pottaleppum og gömul handklæði notuð til að þykkja þá.



**GALLABUXUR GOTT HRÁEFNI** Upphaldshráefni Hildar eru gamlar gallabuxur en hún hefur bæði saumað úr þeim og notað sem umbúðir.

Vissir þú að...  
börn eiga rétt á vernd gegn kynferðislegu ofbeldi.







**heimili**  
fasteignasala  
- á traustum grunni



**Bogi Pétursson**  
lögg. fasteignasali



**Finnbogi Hilmarsson**  
lögg. fasteignasali



**Karen Sævarsdóttir**  
MBA markaðs-  
fræði



**Stefán Már Stefánsson**  
sölufulltrúi



**Guðbjörg G. Blöndal**  
lögg. fasteignasali



**Ásdís Írena Sigurðardóttir**  
skjalagerð



**Brynjólfur Snorrason**  
sölufulltrúi



Finndu okkur á Facebook

**530 6500**

Suðurlandsbraut 22 | Opið mán. – fös. frá kl. 9–17 | [www.heimili.is](http://www.heimili.is)

**530 6500**

Allir þurfa þak yfir höfuðið

**588 4477**

Þú hringir - við komum - það ber árangur!



**Bárður Tryggvason**  
Eigandi  
Sölufulltrúi  
896 5221

**Ingólfur Geir Gissurarson**  
Eigandi  
Frákvæmdastjóri  
896 5222

**Heiðar Friðjónsson**  
Söluþjafi  
Löggiltur  
693 3356

**Vilborg Gunnarsdóttir**  
Váðskipta-  
fræðingur M.Sc.  
891 8660

**Erlendur Davíðsson**  
Lögg. fasteignasali  
Forstöðumaður  
897 0199

**Margrét Sigurgeirsdóttir**  
Skrifstofustjóri  
margret@valholl.is  
588 4477

**Eiríkur Þór Björnsson**  
Sölufulltrúi  
846 8487

**Pétur Steinar Jóhannsson**  
Sölufulltrúi  
Snaefellnes  
893 4718

**Garðar Kjartansson**  
Sölufulltrúi  
853 9779

**Ellert Róbertsson**  
Sölufulltrúi  
893 4477

**Pórunn Pálsdóttir**  
Verkfæringur MBA  
Sölufulltrúi  
773 6000

**G. Andri Guðlaugsson**  
Lögræðingur  
Sölufulltrúi  
662 2705



**VALHÖLL**  
FASTEIGNASALA



20  
ára  
VALHÖLL  
FASTEIGNASALA  
1995 - 2015

[www.valholl.is](http://www.valholl.is) · [www.nybyggingar.is](http://www.nybyggingar.is)

## Einbýli í Kópavogi

FOLD FASTEIGNASALA, sími 552-1400, KYNNIR: Reynihvammur. Fallegt, mikið endurnýjað einbýli í suðurlhlíðum Kópavogs. Eignin er á tveimur hæðum.

Forstofa er á efri hæð með steinflisum á gólfi og fataskápum. Þar er rúmgott svefnherbergi með skápum. Flísalagður gangur, nýstandsett baðherbergi. Gott svefnherbergi er við ganginn. Rúmgott parketlagt sjónvarpshol er við hlið eldhússins. Eldhúsið er mjög rúmgott, þar er ný innrétting úr hvítuðum aski og er sérlega gott skápláss í henni, gaseldavél og háfur. Stofan/borðstofan eru með parketlagt gólf og er útgengt á stórar skjólsælar suðursvalir frá henni, inn af stofunni er gengið niður tvær tröppur í fallega arinstofu.

Á neðri hæðinni er forstofa og inn af henni parketlagt hol. Tvö rúmgóð svefnherbergi eru á þessari hæð, einnig er flísalagt þvottahús og gert ráð fyrir baðherbergi.



Einbýlishús við Reynihvamm í Kópavogi. Bílskúrinn er rúmgóður (36 fm). Verönd með skjólveggjum er framman við hús. Eignin er mikið endurnýjuð. Lóðin er gróin og skjólsæl og mikið útsýni er úr húsinu. Húsið

er í lokaðri götu og er sparkvöllur handan götunnar, örstutt í alla þjónustu og íþróttahús. **Upplýsingar í síma 552-1400. Þjónustusími eftir lokun 694-1401.**

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

**Kleifarás 13 - 110 Reykjavík**



**Laus strax**

Glæsilegt 446,5 m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum, með auka íbúðarými á neðri hæð, og tvöföldum bílskúr innst í botnlanga á glæsilegum útsýnisstað við Kleifarás í Reykjavík. **V. 89,9 m.**

**Gerðhamrar 14 - 112 Reykjavík**



Mjög glæsileg og mikið endurnýjuð 183 m<sup>2</sup> efri sérhæð með innbyggðum bílskúr. Falleg afgirt lóð með verönd og heitum potti. Stórt steypt bílastæði og rúmgóðar svalir með fallegu útsýni. Gott skipulag. Fallegar innréttingar og gólfefni. **V. 54,9 m.**

**Laxatunga 96 - 270 Mosfellsbær**



Fallegt 182,1 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr. Neðri hæð: Forstofa, gestasnyrting, geymsla, eldhús, stofa, borðstofa og bílskúr. Efri hæð: Þrjú svefnherbergi, hol, baðherbergi, þvottahús og yfirbyggðar svalir. Flottar innréttingar og gólfefni. Munstursteyp bilaplán og afgirtur garður með verönd og heitum potti í suður. **V. 44,9 m.**

**Sólvallagata 31 - 101 Reykjavík**



**Laus strax**

77,4 m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 1. hæð auk tveggja herbergja, baðherbergis og geymslu í kjallara eða samtals 107,6 m<sup>2</sup>. **V. 35,9 m.**

**Reykjavegur 54 - 270 Mos.**



**Laus strax**

73 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja, íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt 26,8 m<sup>2</sup> bílskúr. Húsið er timburhús klætt með lituðu bárujárn. **V. 23,7 m.**

**Miðholt 7 -270 Mosfellsbær**



**Laus strax**

Rúmgóð 83,5 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja endaíbúð á efstu hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi í miðbæ Mosfellsbæjar. **V. 23,8 m.**

**Blikahöfði 3, íbúð 202 - 270 Mosfellsbær**



**OPIÐ HÚS**

**Opið hús í dag mánudag frá kl. 17:00 til 17:30**  
Falleg 84,6 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í 3ja hæða fjölbýlishúsi með fallegu útsýni. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús og stofu. Sérgeymsla í kjallara. **V. 27,9 m.**

**Víðiteigur 4C - 270 Mosfellsbær**



**OPIÐ HÚS**

**Opið hús þriðjudaginn 17. febrúar frá kl. 17:00 til 17:30**  
Fallegt 110,7 m<sup>2</sup> raðhús við Víðiteig 4C í Mosfellsbæ. Húsið skiptist í tvö svefnherbergi, herbergi í risi, forstofu, baðherbergi, þvottahús/geymslu, eldhús, stofu og sólstofu. Hellulögd verönd er fyrir framan húsið og mjög stór timburverönd og afgirtur bakgarður í suðvestur. **V. 34,5 m.**

**Prastarhöfði 1 - 270 Mosfellsbær**



**Laus strax**

Falleg 91,7 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á efstu hæð með fallegu útsýni í 3ja hæða fjölbýlishúsi. Íbúðin skiptist í tvö svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofu. Sérgeymsla er í kjallara. Vinsæl staðsetning rétt við skóla, leikskóla, sundlaug og líkamsrækt. **V. 28,9 m.**

**Asparlundur 5 -270 Mosfellsbær**



Fallegt 207,4 m<sup>2</sup> einbýlishús. Húsið er timburreiningahús sem skiptist í forstofu, eldhús, borðstofu, stofu, hjónaherbergi með fataherbergi og baðherbergi, þrjú rúmgóð barnaherbergi, baðherbergi, gestasnyrtingu, þvottahús, geymslu og bílskúr. **V. 58,0 m.**



**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Elías Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Sölumaður  
gjsl@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



**Halveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
hallveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI




### LAUGAVEGUR 86-94

#### Laugavegur 86-94. Fimm glæsilegar íbúðir.

Höfum fengið til einkasölu fimm glæsilegar íbúðir á 3. hæð í nýlegu og vönduðu fjölbýlishúsi með lyftu í hjarta miðborgarinnar, samtals 470 fermetrar að stærð. Vandaðar innréttingar og gólfefni. Svalir eru á öllum íbúðum og sér bilastæði fylgir hverri eign.

Eignirnar seljast í einu lagi.

Upplagt tækifæri fyrir skammtímaútleigu.



Verð 225,0 millj.

#### Granaskjól - Endaraðhús.



Mjög glæsilegt, vel skipulagt og mikið endurnýjað 185,8 fm. endaraðhús, tvær hæðir og ris, á stórrí lóð með góðri og rúmri aðkomu við Granaskjól. Rúmgóðar stofur með útgengi á afgirta verönd. Nýtt eldhús. Stór sjónvarpsstofa. Fjögur herbergi. Viðarverönd út af stofum og mikil hellulögn fyrir framan hús.

Eignin er laus til afhendingar fljótlega.

#### Vatnsstigur - Glæsileg útsýnisíbúð á 12. hæð.



Glæsileg 136,6 fm. útsýnisíbúð með suðursvölum á 12. hæð í þessu glæsilega fjölbýlishúsi á sjávarkambinum við Vatnsstíg auk sér bilastæðis í lokaðri og upphitaðri bílageymslu í kjallara hússins. Íbúðin er öll innréttað á afar vandaðan og smekklegan máta og útsýni frá eigninni er óviðjafnanlegt, bæði til suðurs að Reykjanesi, út á sundin og að Snæfellsjökli. Björt stofa með arni. Sjónvarpshol. Opið eldhús með eldunareyju. Húsið er allt mjög vandað og sameign er öll 1. flokks. Tvær lyftur eru í húsinu.

#### Efstaleiti - 4ra herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð.



4ra herbergja 154,3 fm. glæsileg útsýnisíbúð á 3. hæð (efstu) í glæsilegu fjöleignarhúsi "Breiðabliki" miðsvæðis í Reykjavík. Samliggjandi stórar stofur með útgengi á svalir til suðurs, sjónvarpsherbergi innaf stofum, rúmgott hjónaherbergi og skrifstofuherbergi. Sérmerkt bilastæði í bílageymslu og hlutdeild í mikilli sameign. Á hverri hæð hússins eru setustofur, lagðar náttúrugrjóti, bjartar og rúmgóðar. Húsvörður er búsettur í húsinu. Lóðin er glæsileg með sundlaug, heitum pottum o.fl.

Verð 55,0 millj.

#### Hofakur - Garðabæ. 4ra herbergja íbúð útsýnisíbúð.



Glæsileg 142,8 fm. íbúð á 1. hæð með suðursvölum og frábæru útsýni auk sér bilastæðis í bílageymslu. Íbúðin er öll innréttað á vandaðan og smekklegan máta. Eikarparket er á gólfum og innréttingar og innihurðir eru úr eik. Bjartar stofur með útgengi á stórar svalir til suðurs með frábæru útsýni. Stór sér geymsla í kjallara með góðri lofthæð og gluggum. Frábær staðsetning mjög miðsvæðis og stutt í skóla og aðra þjónustu.

Verð 47,9 millj.

### ELDRI BORGARAR



#### HÓLABERG.

Glæsileg 67,8 fm. íbúð á 1. hæð auk 7,0 fm. yfirbyggðra suðursvala í vönduðu og nýlegu. Sér stæði í bílageymslu í kjallara og lyfta er í húsinu. Innangengt í tengibyggingu við Gerðuberg. Öll þjónusta þar stendur íbúum í húsinu til boða.

26,9 millj.

### NÝBYGGING



#### NÝHÖFN 2 - 4, SJÁLANDI GARÐABÆ.

Glæsilegar íbúðir í 3ja hæða nýju fjölbýli í Sjálandinu við smábátahöfnina. Sjávarútsýni er frá stofum og eldhúsum í öllum íbúðum. Íbúðirnar eru ýmist með góðum svölum eða stórum timburveröndum. Íbúðirnar verða afhentar án gólfefna, þó verða flisar á baðherbergjum og þvottahúsum.

### 2JA HERBERGJA



#### SELVOGSGATA - HAFNARFIRÐI

Mikið endurnýjuð 43,5 fm. íbúð með sérinnangi auk sér geymslu í kjallara. Gólfhiti er í allri íbúðinni. Þetta er falleg eign sem hefur verið mikið endurnýjuð á síðustu árum

Sérbilastæði á lóð.

18,9 millj.

### 2JA HERBERGJA



#### KÓPAVOGSBRAUT.

Glæsileg 61,9 fm. íbúð á 1. hæð með suðursvölum í sunnanverðum Kópavogi. Húsið var allt endurbyggt árið 2010 og er í mjög góðu ástandi að utan og innan. Á þessum tíma var íbúðin innréttað uppá nýtt og skipt um gler og glugga. Hús er klætt að utan með áli.

25,9 millj.



### MIÐHOLT

#### Miðholt - Hafnarfirði. Óhindrað útsýni er til suðurs, vesturs og norðurs.

Glæsilegt 208,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað neðan við götu. Samliggjandi stofur með kaminu og mikilli lofthæð að hluta. Fjögur herbergi og sjónvarpsstofa. Eignin stendur á 952,9 fm. lóð, sem er að mestu leyti villt og þarfnast ekki vinnu við, en einnig er stór verönd til suðurs og hellulögð innkeyrsla og stéttir fyrir framan húsið með hitalögnum í.

Eignin er laus til afhendingar nú þegar. Verð 67,9 millj.



### EYVINDARHOLT

#### Eyvindarholt - Einstök staðsetning á Álftanesi.

Glæsilegt og algjörlega endurbyggt frá grunni 240,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum sem er búið að skipta í þrjár íbúðir sem eru allar með sérinnangi. Húsið stendur á 2.532 fm. eignarlóð og er einstakt útsýni af báðum hæðunum. Eldra hús sem stóð á lóðinni var rífið árið 2002 og byggt nýtt hús á grunninum og síðan byggð 84 fermetra vinnustofa við húsið árið 2004 sem er nýtt sem íbúð í dag. Eignin stendur á einum besta stað á Álftanesinu með ótrúlegu útsýni til Bessastaða og víðar.

2014

Framúrskarandi  
fyrirtæki

# Óskum eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubókun.

OPÍÐ HÚS  
Í DAG

## HÁAGERÐI



### Háagerði 20 - einbýlishús.

Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45

Mjög gott 191,9 fm. einbýlishús sem skiptist í 133,6 fm. hæð og 58,3 fm. kjallara með sérinnngangi. Kjallarinn er óinnréttaður en væri hægt að útbúa sér tveggja herbergja íbúð í honum. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförmum árum, m.a. eldhús, baðherbergi og gólfefni sem og þak hússins. Glæsileg lóð með afgirtri viðarvernd í suður og hellulögðum stéttum ásamt hellulögðu bílplani. Húsið er teiknað af Sigvalda Thordarson.

Verð 57,5 millj.  
Verið velkomin.

### Barmahlíð 34. Neðri sérhæð.



OPÍÐ HÚS  
PRÍÐJUDAG

Eignin verður til sýnis þriðjudag  
frá kl. 17.15 – 17.45

Vel skipulögð 104,1 fm. neðri sérhæð með suður-  
svölum, sér bílastæði á lóð og bílskúrsrétti. Að  
innan er íbúðin mikið endurnýjuð, m.a. baðherbergi,  
gólfefni og raflagnir. Skiptanlegar samliggjandi stofur.  
Tvö herbergi. Svalir til suðurs. Húsið að utan er allt  
nýviðgert og steinað uppá nýtt.

Virkilega falleg eign á góðum stað, sem vert er  
að skoða.

Verð 41,9 millj.  
Verið velkomin.

### Langamýri - Garðabær



Fallegt 305,8 fm. endaraðhús, tvær hæðir og  
ris með góðri lofthæð, að meðtöldum 34,8 fm.  
innbyggðum tvöföldum bílskúr í grónu hverfi í  
Garðabænum. Rishæðin er með góðri lofthæð og  
fjórum þakgluggum. Stórar samliggjandi stofur með  
útgangi á tvennar svalir. Einnig svalir út af hjónaher-  
bergi á efri hæð/rihæð. Fimm herbergi. Möguleiki  
er að gera einstaklingsíbúð á neðstu hæðinni. Mikil  
hellulögn er fyrir framan hús og bílskúr og er pláss  
fyrir 4-5 bíla.

Verð 64,9 millj.

## SÉRBYLI



### MURURIMI - PARHÚS Á TVEIMUR HÆÐUM.

Fallegt og vel skipulagt 178,3 fm. parhús á tveimur hæðum með innb. 18,3 fm. bíl-  
skúr við Mururima. Fjögur svefnh.. Stofa með útgengi á svalir til norðurs og vesturs.  
Rúmgott eldhús með hvítum innréttingum, eldunareyju og góðri borðaðstöðu. Tvö  
vel innréttuð baðherbergi. Lóð með hellulagðri innkeyrslu og stéttum og hellulagðri  
verönd og tyrfóri flöt til vesturs og suðurs aftan við hús.

49,5 millj.



### MÓAFLÖT - GARÐABÆ

210,4 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 48,8 fm. innréttuðum bílskúr.  
Húsið var nánast allt endurnýjað hið innra og ytra fyrir ca. 5 árum síðan og er í mjög  
góðu ástandi. Allar innréttingar, innihurðir, eldhús, baðherbergi og lýsing í loftum  
endurnýjuð. Rúmgóð setustofa, borðstofa og stór skáli opin við stofu. Hjónasvita  
með miklum fataskápum. Gróin lóð með verönd til suðurs og fallegri lýsingu.



### RITUHÓLAR - FRÁBÆR ÚTSÝNISSTAÐUR

Vel skipulagt um 450 fm. einbýlishús með auka 3ja herb. íbúð með sér inngangi á  
neðri hæð. Frábær útsýnisstaður við Elliðaárdalinn. Þrjár samliggjandi stofur með  
mikilli lofthæð. Fallegur arinn er í arinstofu. Eldhús með nýlegum innréttingum. Stórt  
fjölskyldurými. Auðvelt er að sameina aukaíbúðina húsinu ef vill. Tvöfaldur bílskúr.  
Lóðin er 850,0 fm að stærð með steyptum bomanite veröndum.

95,0 millj.

## SÉRBYLI

### SELTJARNARNES - BYGGINGARLÓÐ

Byggingarlóð undir einbýlishús á einstökum  
útsýnisstað á sunnanverðu Seltjarnarnesi.

Lóðin er eignarlóð, 861,0 fermetri að stærð  
og frá henni nýtur mikils útsýnis til suðurs.

Gatnagerðargjöld eru ógreidd.

Frábær staðsetning í grónu hverfi og frá lóðinni  
nýtur einstaklega fallegs útsýnis.



### STARHÓLMI - KÓPAVOGI.

Mjög gott 196,2 fm. einbýlishús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr vel  
staðsett innst í botngötu. Mögulegt væri að gera aukaíbúð á neðri hæð hússins.  
